



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Bókmenntatengsl Íslands og Georgíu

Ritgerð til BA-prófs í íslensku sem öðru máli

Michaela Krejčová

Mái 2014

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Íslenska sem annað mál

Bókmenntatengsl Íslands og Georgíu

Ritgerð til BA-prófs í íslensku sem öðru máli

Michaela Krejčová

Kt.: 090685-3419

Leiðbeinandi: Jón Karl Helgason

Maí 2014

Ágrip

Þessi ritgerð er lokaverkefni til BA-prófs í íslensku sem öðru máli við Hugvísindasvið Háskóla Íslands. Tilgangur hennar er að gefa yfirlitt yfir tengsl Íslands og Georgíu á sviði fagurbókmennta.

Í fyrsta hluta verður fjallað um bókmenntatengsl Íslands og Georgíu. Í upphafi verður sjónum beint að ímynd Íslands í georgískum textum sem fjalla um íslenskar bókmenntir og menningu og rætt hvaða atriði hafa haft áhrif á ímynd Íslands í Georgíu. Svo verður gerð grein fyrir þýðingum úr íslensku yfir á georgísku sem eru annaðhvort þýðingar úr frummálinu eða millimálum og rannsakaðar viðtökur þessara þýðinga í Georgíu.

Í öðrum hluta ritgerðarinnar verður fjallað um georgísk-íslensk bókmenntatengsl. Í honum verður litið á ímynd Georgíu á Íslandi í tengslum við þýðingar georgískra bókmennta yfir á íslensku. Þá verður þar einnig farið yfir hvernig ímynd Georgíu á Íslandi varð til. Loks verða skoðaðar þýðingar georgískra bókmennta yfir á íslensku og umfjöllun um þær.

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	1
2. Íslensk-georgísk bókmenntatengsl.....	3
2.1 Ímynd Íslands í georgískum bókmenntum.....	3
2.2 Þýðingar úr íslensku yfir á georgísku.....	9
2.2.1 <i>Njáls saga</i>	10
2.2.2 Þýðingar eftir Grigol og Irmu Matsj´avariani.....	11
2.2.2.1 Smásögur eftir Halldór Stefánsson og Jónas Hallgrímsson.....	12
2.2.2.2 <i>Sex íslenskar sögur</i>	12
2.2.2.3 <i>Jón biskup Arason</i>	13
2.2.3 Smásögur eftir Halldór Laxness og Ólaf Jóhann Sigurðsson í safnríttinu <i>Skandinavískar smásögur</i>	13
2.2.4 Þýðingar á skáldsögum eftir Halldór Laxness.....	14
2.2.4.1 <i>Atómstöðin</i>	15
2.2.4.2 <i>Íslandsklukkan</i>	16
2.2.4.3 <i>Sjálfstætt fólk</i>	17
2.2.5 Eddukvæði.....	19
3. Georgísk-íslensk bókmenntatengsl.....	20
3.1 Ímynd Georgíu í íslenskum bókmenntum.....	21
3.2 Þýðingar georgískra bókmennta yfir á íslensku.....	27
3.2.1 Þýðingar eftir Friðrik Þórðarsson.....	27
3.2.2 <i>Píslarvætti hinnar heilögu Sjúsjaníkar drottningar</i>	28

3.2.3 Smásögur birtar í tímaritinu *Jón á Bægisá* og á vefsíðu Pjeturs Hafsteins

Lárussonar.....	29
4. Lokaorð.....	30
Viðauki.....	32
Heimildaskrá.....	33

1. Inngangur

Hvernig eru bókmenntatengsl tveggja lítilla landa – Georgíu og Íslands – sem tilheyra ólíkum heimsálfum, eru mjög langt frá hvoru öðru, hafa mjög ólíka menningu, sögu og tungumál og lítið samband sín á milli og eiga við fyrstu sýn fátt sameiginlegt? Hver er ímynd Íslands í fjarlægum landi eins og Georgíu? Þar er almenn þekking á Íslandi frekar lítil og margir íbúar Georgíu átta sig ekki einu sinni á hvar landið liggur. Og hver er ímynd Georgíu á Íslandi? Flestir Íslendingar þekkja líklega landið aðeins úr Eurovision söngvakeppninni en einhverjir þó sem fæðingarland Stalíns eða úr sjónvarpsviðtali við georgíska Íslandsvininn Grigol Mats´avariani.

Í þessari ritgerð verður gerð grein fyrir bókmenntartengslum Georgíu og Íslands á sviði fagurbókmennta. Það verður gefið yfirlit yfir þýðingar bókmennta úr íslensku yfir á georgísku og öfugt. Það verður einnig gerð grein fyrir ímynd Íslands í Georgíu og ímynd Georgíu á Íslandi sem urðu til í gegnum þessi bókmenntatengsl. Þar sem efni þessarar ritgerðar eru bókmenntatengsl á milli þessarra landa verður athyglinni einkum beint að ímynd landanna í fagurbókmenntum hins landsins eða í textum um menningu, textum sem eru tengdir fagurbókmenntum eins og ritdómum, þýðingum fagurbókmennta og formálum eða eftirmálum sem fylgja þeim. Af þessari ástæðu verður sleppt landfræðilegum textum, textum sem fjalla um stjórnsmál og leiðsögubókum. Hér á eftir verður einungis fjallað um þýðingar sem hafa verið birtar.

Höfundur þessarar ritgerðar reyndi að finna og komast yfir allar þýðingar fagurbókmennta landanna tveggja sem fyrirfinnast en erfitt var að komast yfir þær sumar og þá sérstaklega verkin í Georgíu. Bókaskrá georgíska þjóðarbókasafnsins er ekki heil og upplýsingar um birtingar eru oft ekki tiltækar og því er ekki víst að fundist hafi allar þýðingar úr íslensku sem birtar hafa verið í Georgíu. Allar þýðingar sem eru skráðar í bókaskrá bókasafnsins fundust hinsvegar. Að öllum líkindum eru það flestar þeirra bóka sem þýddar hafa verið. Í bókaskrá georgíska þjóðarbókasafnsins og í heimildarnar sjálfar vantar líka oft upplýsingar um hvort að þýtt hafi verið beint úr íslensku eða úr millimáli og úr hvaða útgáfu var þýtt, svo dæmi séu tekin. Upplýsingar í tímaritsgreinum og blaðagreinum og formálum og eftirmálum eru einnig oft ónákvæmar.

Mikilvægt atriði í samhengi þessarar ritgerðar er hljóðritun georgískra bókstafa yfir á íslensku. Georgíska er með sérstakt starfróf og mörg hljóð sem eru í georgísku hafa enga samsvörun á íslensku. Það er ekki samræmt kerfi um hvernig á að hljóðrita georgísk hljóð og

oft eru notuð misjöfn kerfi fyrir hljóðritun innan eins tungumáls, margir höfundar sem fjalla um georgísku nota raunar sitt eigið kerfi. Til að koma í veg fyrir misskilning fylgir í viðauka tafla með því hljóðritunarkerfi sem var notað í þessari ritgerð og var um að ræða tilraun til að finna sem mest samsvarandi hljóð á íslensku ásamt með hljóðritun í alþjóðlegu kerfi IPA.

Annað atriði sem þarf að skoða hér betur er notkun georgískra örnefna. Georgía er stundum kölluð „Grúsía“ á íslensku, sérstaklega í eldri heimildum. „Grúsía“ er heiti sem er tekið úr rússnesku og Georgíumenn vilja helst ekki nota það, þeir vilja kalla landið sitt „Georgíu“ og kenna það við heilagan Georg. Á georgísku er landið kallað „Sakartvelo“ (საქართველო). Afleitt lýsingarorð þessa nafns er „kartvelskur“ sem er til dæmis notað fyrir kartvelsk tungumál. Georgíumenn eru í eldri heimildum stundum kallaðir „Grúsínar“ (t.d. í *Gerska ævintýrinu* hjá Halldóri Laxness). Þetta nafn er aftur leitt af rússneska heitinu en í dag er það orðið staðlað að kalla íbúa Georgíu Georgíumenn.¹ Þeir sjálfir kalla sig „Kartvelebi“ (ქართველები). Eintöllumynd þess er „Karvteli“ (ქართველი) en þess vegna er georgíska heitið fyrir landið „Sakartvelo“ (საქართველო), þ.e. bókstaflega staður þar sem „Kartvelebi“ búa. Í þessari ritgerð verður landið kallað Georgía og íbúar þess Georgíumenn.

Höfuðborg Georgíu er líka kölluð mörgum nöfnum á íslensku. Höfuðborgin heitir á georgísku Tbilisi (თბილისი), sem þýðir bókstaflega „hlýr bær“ en nafnið er í nokkrum íslenskum heimildum stafsett „Tbílísí“. Í íslenskum heimildum er stundum notað heitið „Tiflis“ sem er tökuorð úr rússnesku – fyrir fólk sem hefur indóevrópska tungu sem móðurmál var erfitt að bera fram tvo samhljóða í röð og breytti það því nafninu í „Tiflis“. Svo er höfuðborgin í íslenskum heimildum stundum kölluð „Tvílýsi“. Samkvæmt Ágústínu Jónsdóttur notaði Halldór Laxness fyrst þetta heiti í merkingunni „borg tveggja ljósa“² en Laxness notar nafnið Tiflis t.d. í *Gerska ævintýrinu*. Heitið „Tvílýsi“ finnst einnig hjá Friðriki Þórðarsyni. Í þessari ritgerð verður höfuðborg Georgíu kölluð Tbilisi.

¹ Ítarlega umfjöllun um hvers vegna skyldi kalla landið „Georgíu“ á íslensku og um orðsifjafraeði þess heitis er að finna í greininni eftir Þóri Guðmundsson: Hvers vegna Georgía er Georgía á Stöð tvö, bls. 13 og í grein eftir Friðrik Þórðarson: Hjalað við Médeu, bls. 11

² Ágústína Jónsdóttir: Straumhvörf í lífi mínu, bls. 4

2. Íslensk-georgísk bókmenntatengsl

Hér á eftir verður fjallað um ímynd Íslands í Georgíu og um þýðingar úr íslensku yfir á georgísku. Áhugi á Íslandi og íslenskum bókmenntum í Georgíu kviknaði árið 1937 eftir að Halldór Laxness hafði komið til landsins til að taka þátt í rithöfundapingi. Árið 1961 kom út fyrsta þýðing íslenskra smásagna í Georgíu og byrjuðu þá Georgíumenn að beina sjónum sínum að íslenskum bókmenntum og íslenskri menningu. Ímynd Íslands í Georgíu varð til samhliða fleiri þýðingum úr íslensku og ritdómum um þær.

2.1 Ímynd Íslands í georgískum bókmenntum

Í þessum kafla verður fjallað um ímynd Íslands í georgískum bókmenntum. Þessi greining er byggð á heimildum frá fjórða áratug 20. aldar allt til nútímans þar sem þetta tímabil tengist beint efni þessarar ritgerðar – þýðingum íslenskra bókmennta yfir á georgísku. Þrátt fyrir að heimildir um þetta efni séu takmarkaðar var tiltölulega margt skrifað um Ísland og íslenskar bókmenntir í Georgíu miðað við fjarlægðina milli þessarra tveggja landa. Joep Leerssen skilgreinir hugtakið *ímynd* (image) svo: Huglæg eða orðuð táknmynd eða orðstír einstaklings, hóps, þjóðernis eða ‘þjóðar’.³ Edith Broszinsky-Schwabe bendir á að staðalímynd einnar þjóðar um aðra er háð tegund sambands þessarra tveggja landa og ytri atburðum sem tengjast báðum löndum (t.d sögulegum atburðum eins og stríðsátökum).⁴ Fjarlægðin milli Georgíu og Íslands er mikilvægt atriði í þessu samhengi – það vantar bein samskipti milli landanna tveggja. Hugmyndir Georgíumanna, íbúa landsins sem liggur nálægt mörkum Evrópu og Asíu, um Ísland, vestrænt land sem liggur í Evrópu, eru ekki neikvæðar. Þvert á móti er dregin upp jákvæð mynd af Íslandi í Georgíu og á það líka við um heimildir frá Sovéttímanum. Það er frekar óvenjulegt af því að almennt voru viðhorf sovéskra höfunda til heimsvaldastefnu og vestrænna ríkja mjög gagnrýnin og neikvæð. Árni Bergmann setur þessa jákvæðu ímynd Íslands í Sovétríkjunum, sem hafði að sönnu mikil áhrif á jákvæða ímynd Íslands í Georgíu, í samband við rit frægs rússnesks norænufræðings og Íslandsvinar, Mikhails I. Steblin-Kamenskijs. Í ritum hans er dregin upp afar jákvæða mynd af Íslandi, íslenskri menningu og samfélagi sem var meginástæða fyrir því að Ísland fékk einhvers konar fjarvistarsönnun í hugmyndafræðilegum klisjum um Vesturlöndin á þeim tíma. Árni fullyrðir um þessa sérstöðu Íslands: „Íslensk þjóð var fámenn, hafði lítil áhrif á heimstaflíð, og átti sér

³ Leerssen, Joep: Image, bls. 342

⁴ Broszinsky-Schwabe, Edith: *Interkulturelle Kommunikation*, bls. 208-209

um leið nógu sérstæða sögu til þess að reyna mátti að gera hana að undantekningu frá þeim túlkunarformúlum sem farið var eftir á þeim tíma [...]“.⁵ Og hann heldur svo áfram:

Hér verða undarleg tíðindi: það er sem sovéskir gagnrýnendur og höfundar reisubóka gleymi því um stund að Ísland er kapítalískt, vestrænt ríki á tímum harðra átaka og árekstra tveggja pólitískra kerfa. Þeir taka Ísland út fyrir það mynstur – sakir óskar sinnar um og viðleitni til að finna eigin vonum stað í heiminum.⁶

Áhrif af kenningum Steblin–Kamenskijks á Íslandsmynd í Georgíu má merkja af því að í næstum því öllum textum sem fjalla um Ísland er að minnsta kosti einu sinni vísað til rita hans. Vegna þess að það skorti lengi beint samband milli Íslands og Georgíu og Sovétríkin voru einagruð eru upplýsingar um Ísland teknar úr öðrum heimildum, aðallega úr ritum Steblin-Kamenskijks eða einstaka erlendum heimildum sem voru fáanlegar í Georgíu og komu í gegnum þrönga síu sovéskrar ritskoðunar (fyrir hrun Sovétríkjana). Hins vegar vantar lýsingar frá Georgímönnum sem hafa komist til Íslands á þessum tíma. Þessi skortur á beinum upplýsingum um landið, ásamt sérkennilegum og alltof skáldlegum ritstíl georgískra höfunda greina og formála, ýtir undir oft ýktar eða fjarstæðukenndar hugmyndir um landið.

Exótísk náttúra

Ísland var í augum Georgíumann án vafa framandi og spennandi land sem ekki var mikið vitað um. Framandleiki er eitt helsta einkenni hugmynda manna um Ísland í georgískum heimildum, en framandleika skilgreinir Joep Leerssen svo:

Hin menningin er metin eingöngu út frá ókunnugleika hennar; hún er takmörkuð við þá þætti þar sem hún víkur frá stöðlum heimalandsins. Þar af leiðandi felur áhuginn á hinu framandlega í sér að dregnir eru fram þeir þættir sem eru greinilega ólíkir („framandlegir“) [...]”⁷

Þessi framandleiki finnst sérstaklega í lýsingum á íslenskri náttúru sem bregður fyrir í næstum því allri umfjöllun um íslenskar bókmenntir. Náttúrulýsingar eru oft sérkennilegar, þær eiga að kynna Ísland fyrir georgískum lesendum og skapa rómatíska ímynd fjarlægjar eyju sem er ofurseld grimmum náttúruöflum. Dæmigerður frasi, sem er í næstum því hverri grein um Ísland, hljómar svo: „Ísland er umlukt stormasömu norðurhafi [...]“⁸ og sífellt er rok og háar og stórar öldur gjálfra við landið. Dæmigert er líka að taka fram að Ísland sé nágrannaland

⁵ Árni Bergmann: Norðan við kalt stríð, bls. 36

⁶ Árni Bergmann: Við staðleysu tak þú minni: Halldór Laxness, Rússland og draumar um fagurt mannlíf, bls. 77

⁷ Leerssen, Joep: Exótík, bls. 160

⁸ Gelovani, Ak'ak'í: Islandiis tbili guli, [án blaðsíðutals]

Grænlands. Í viðtali við Otar Kinkladze leggur hann áherslu á að Ísland liggi „960 kílómetra frá Noregi, 820 kílómetra frá Skotlandi og 260 kílómetra frá Grænlandi“.⁹

Í sambandi við náttúru lýsingar er oft einnig minnst á náttúruhamfarir. Í formála að þýðingu *Njáls sögu* (1977) eftir Giorgi Dsjabasjvili er vísað til bókarinnar *Lettres sur l'Islande* eftir Xavier Marmier frá árinu 1837 og kafla hennar sem lýsir sögu Íslands frá 1300-1700.¹⁰ Dsjabasjvili notar þennan kafla til að segja frá erfiðum tímum í sögu Íslands. Tilvitnun er eiginlega listi sem inniheldur „mikilvægustu“ atburði þessa tímabils, samkvæmt Marmier. Hún er næstum því blaðsíðulöng upptalning á náttúruharmförum, faröldróm og eldgosum, sem samkvæmt Marnier urðu svo til á hverju ári, sem og jarðskjálftum. Þessi mynd er vissulega nokkuð ýkt.

„Hvað væru Íslendingar án Íslendingasagna?“¹¹

Elgudja Berdzenisjvili spyr þessar mælskufræðilegu spurningar í ritdómi um þýðingu *Njáls sögu* á georgísku. Upplýsingar um Ísland voru ekki aðeins teknar úr textum um landið heldur líka beint úr þeim íslenskum bókmenntum sem voru þýddar yfir á georgísku. Í umræddum ritdómi um þýðingu *Njáls sögu* voru Íslendingasögur til dæmis taldar vera „raunsæis- og meira að segja heimildarbókmenntir“, þó ekki bókmenntaleg sköpun heldur aðeins „endurspeglar veruleikann“.¹² En ekki aðeins Íslendingasögur heldur líka nútímabókmenntir voru teknar sem heimild um íslenskan raunveruleika. Sem dæmi má taka brot úr eftirmála þýðingar *Íslandsklukkunnar* frá árinu 1966. Hér rennur „framandi“ náttúru lýsing saman við aðdáun á bókmenningu Íslendinga. Höfundurinn, Ak'ak'i Gelovani, dregur upp nokkuð rómantíska mynd af Íslendingum sem fátæku fólki í ósnortinni náttúru sem þrátt fyrir alla erfiðleika hefur varðveitt hámenningu sína. Ímynd Íslands í *Íslandsklukkunni* er víst að hluta til raunsæ en samt listræn túlkun á sögu Íslands í lok 17. og byrjun 18. aldar. Í formála Gelovanis var þessi lýsing aftur á móti yfirfærð til nútímans:

Blár himininn sortnar og í hjarta ískalds fjalls snarkar jarðeldur. Afkomandi gamalla skálda horfir á silunga synda í bláu vatni fjarðarins og raular með sér gamalt fornkvæði [...] Það er engin önnur eyja á jörðinni eins og þessi, svo fjarlæg, týnd einhvers staðar í hafi og ofurseld hrikalegum náttúruöflum. Íslendingar – sárafaír, jafnmargir og íbúar meðalstórrar borgar, féltíð fátækt fólk sem er við fyrstu sýn aumkunarvert en skapaði í fjarlægð fortíðarinnar svo rismikla menningu – sögur og kvæði ritaðar á bókfell. Hér leitaði fræðimaðurinn Arneas Arnæus að þessum handritum um allt landið í fátæklegum

⁹ Ketili misiit [Viðtal við Otar Kinkladze], [án. blaðsíðutals]

¹⁰ Dsjabasjvili, Giorgi: Ts'inasit'qvaoba [Formáli], bls.14

¹¹ Berdzenisjvili, Elgudsja: Islandiuri saga kartulad, bls. 192

¹² Sama heimild, bls. 200

kotum og í skúmaskotum, eins og nágrenni hans í nútímanum Thor Heierdahl rannsakar kofa og hella á Páskaeyjum og rýnir í sjaldgæft letur Rongorongo. Þetta fólk sem fyrst í Evrópu samdi stórkostlegar sögur. Og ekki einungis samdi þær heldur skrifaði þær einnig niður.¹³

Hér er að finna svipað ferli og Sumarliði R. Ísleifsson lýsir í umfjöllun sinni um breytingar á ímynd Íslands í textum frá 18. og 19. öld. Hann bendir á hvernig fortíð landsins var yfirfærð til nútímans og notuð til að staðfesta yfirburði íslensku þjóðarinnar.¹⁴

Íslandsmynd þessi mun hafa verið undir áhrifum af aðdáun á norðrinu og norrænum bókmenntum sem var til staðar í Rússlandi um aldamótin 1900 og fellur seinna saman við ímynd Íslendinga sem skáldþjóðar hjá rússneskum fræðimönnum og þýðendum.¹⁵ Það er líklegt að þessi tilhneiging hafi komið til Georgíu í gegnum rit rússneskra höfunda. Giorgi Dsjabasjvili álitur að Íslendingarsögur hafi haft sérstaka stöðu í samhengi evrópskra miðaldabókmennta, ekki síst vegna þess að þær séu rausæislegar löngu áður en raunsæisstefnan náði að brjótast fram í evrópskum bókmenntum: „[...] lengst í norðri hins byggilega heims á fjarlægri eyju í miðju úthafinu þar sem fáir búa. Í landi þar sem ekki var einasta borg komu fljótlega til sögunnar bókmenntaverk sem voru [vegna síns raunsæis] 500 árum á undan samtíma sínum.“¹⁶

Aðdáun á íslenskum fornsögum var svo mikil að þær eru nefndar næstum því í hverju riti sem fjallar um íslenskar bókmenntir, sama hvort um sé að ræða fornar eða nútímalegar bókmenntir. Þessi tilhneiging gengur stundum út í öfgar, til dæmis í formála að safnriti skandinavískra samtímahöfunda, *Skandinavískar smásögur*, þar sem svo til engin tenging er við íslenskar fornbókmenntir. Í því riti er fyrsti hluti formálans helgaður fornsögum og mikilvægi þeirra fyrir Íslendinga. Síðast en ekki síst eru verk Halldórs Laxness oft borin saman við og Íslendingasögurnar. Þá eru í heimildunum íslenskar bókmenntir jafnvel miðaðar við Halldór Laxness og Íslendingasögur, eins og ekkert hafi verið skrifað þar á milli.

Vegna ríkulegs menningararfs metur líka Elgudsja Berdzenisjvili Íslendinga að verðleikum í ritdómi um þýðingu *Njáls sögu*: „[...] Vegna [forn]sagna er þessi litla þjóð talin vera ein af mestu bókmenntaþjóðum í heimi.“¹⁷

¹³ Gelovani, Ak'ak'í: Tsjudiloetis odisea, bls. 500

¹⁴ Sumarliði R. Ísleifsson: Villimenn Norðursins verða Hellenar Norðursins, bls. 119

¹⁵ Árni Bergmann: Utan við markaðslögmálin, bls. 73-80

¹⁶ Dsjabasjvili, Giorgi: Ts'inasit'qvaoba, bls. 22

¹⁷ Berdzenisjvili, Elgudsja: Islandiur saga kartulad, bls. 192

Íslendingar sem bókmenntaþjóð

Íslendingar hafa í Georgíu ímynd sem mikil bókmenntaþjóð en stundum er dálæti Íslendinga á bókmenntum ýkt úr hófi fram. Oft er um Íslendinga sagt að þeir séu mesta bókmenningarþjóð í heimi. Í formála að þýðingu *Atómstöðvarinnar* er öllum Íslendingum lýst sem ástríðufullum bókarormum: „Ísland er eyja þar sem ekki búa fleiri en um 200.000 manns. Þessi smáþjóð er þekktust fyrir elju sína og fanatíska ást sína á gömlum hetjusögnum.“¹⁸

Ak'aki Gelovani lýsir í ritdómi um þýðingu *Íslandsklukkunnar* – „Islandiis tbili guli“ („Hlýtt íslenskt hjarta“, títtill greinarinnar segir mikið um viðhorf höfundar til Íslands) – að á Íslandi séu fimmti hver maður eða kona skáld.¹⁹

Lado Avaliani álítur að íslensk bókmenntahefð sé einhverskonar staðfesting íslenskrar þjóðar á eigin tilvist:

Svona lítil þjóð eins og Íslendingar á marga merka rithöfunda og eru þeir réttilega stoltir af þeim. Vegna þessarar staðreyndar hefur einn íslenskur bókmenntafræðingur sagt – Íslenskar bókmenntir eru réttlætning fyrir tilveru okkar þjóðar. Lestur á verkum íslenskra rithöfunda fullvissar okkur um að þessi orð eru sönn.²⁰

Mikilvægi bókmennta fyrir íslenska þjóðvitund nefnir Girogi Dsjabasjvili líka í formála að þýðingu á *Njáls sögu* „Í dag ber þessi litla þjóð höfuðið hátt, stendur stolt við hliðina á stærstu ríkjum heimsins, sjálfstæð og virt af öðrum þjóðum, hún hefur gamla og upprunalega menningu og talar sitt eigið tungumál.“²¹

„Grúsíudagar“: Menningartengsl Íslands og Ráðstjórnarríkjanna

Eins og hér hefur komið fram er í flestum skrifum um Ísland fortíðin eða forn bókmenntirnar í brennidepli. Ein af fáum heimildum um Ísland samtímans sem kemur frá Sovéttímanum er viðtal við menntamálaráðherra Ottar Kinkladze. Kinkladze var einn af fáum Georgíumönnum sem komu til Íslands á Sovéttímum. Í september 1981 var á Íslandi haldin hin árlega menningargarhátíð Sovétdagar í samstarfi við félagið Menningartengsl Íslands og Ráðstjórnarríkjanna (MÍR).²² Þetta ár var Georgía í brennidepli. Vegna „Grúsíudaga“ kom til Íslands georgísk sendinefnd. Í henni voru einhverjir bestu listamenn landsins og Ottar Kinkladze sem formaður nefndarinnar. Miðað við þær hugmyndir sem komu fram hér að framan er lýsing hans óvenjulega rausæ. Hann talar sérstaklega um hluti sem eru óvenjulegir

¹⁸ [Formáli]. *At'omis sadguri*, bls. 3

¹⁹ Gelovani, Ak'ak'i: *Islandiis tbili guli*, [án blaðsíðutals]

²⁰ Avaliani, Lado: *Laksnesis romani kartulad*, [án blaðsíðutals]

²¹ Dsjabasjvili, Girogi: *Ts'inasit'qvaoba*, bls. 17

²² Sbr. Ívar H. Jónsson: *Stutt ágríp af sögu MÍR*

frá sjónarhóli Georgíumanna, eins og notkun Íslendinga á jarðhita í gróðurhúsum eða lausagöngu sauðfjár, sem væri óhugsandi í georgískum fjöllum. Þegar kemur að Íslendingum segir hann að þeir séu yfirleitt klæddir í gallabuxur, íþróttaskó eða gúmmískó og að þeir sýni ekki tilfinningar sínar frekar en aðrir Norðurlandabúar. Samt hafi íslenskir áhorfendur sýnt hrifningu sína á georgískum dansflokki sem hér sýndi. Eina gagnrýni hans á landið kemur fram í umfjöllun hans um bandarísku herstöðina á Íslandi. Árni Bergman bendir á að undantekning á jákvæðri ímynd Íslands í Sovétríkjunum kæmi einmitt fram þegar talað var um pólitík.²³ Átti það líka við um Kinkladze en hann hrósar samt Íslendingum fyrir að þeir hafa bannað bandarískum yfirvöldum að geyma atómvopn á herstöðinni á Íslandi.

Ímynd Íslands í samtímanum

Hér að framan var fjallað um hugmyndir um Ísland sem urðu til þegar Georgía var partur af Sovétríkjunum. Á tímabilinu frá 1977 til 1992 varð hlé á þýðingum úr íslensku þannig að það vantar texta um íslenskar bókmenntir frá þessu tímabili.

Árið 2007 samdi Irma T'avelidze skáldsöguna *Sjálfsævisaga á frönsku (Avt'obiograpia prangulad)* þar sem aðalpersónan – *alter ego* höfundar - flytur til Frakklands til að leita að sjálfri sér. Sem endursögn þessar skáldsögu skrifaði Dato Gabunia smásöguna „Sjálfsævisaga á íslensku“ („Avt'obiograpia islandiurad“) sem gerist á Íslandi í byrjun 21. aldar. Þessi smásaga er einstök af því að hún er að mörgu leyti samantekt á hugmyndum um Ísland fyrri áratuga og um leið nútímaleg endurnýjun þeirra. Í „Sjálfsævisögu á íslensku“ er aðalpersóna ungur íslenskur strákur, Zaldor, sem verður ástfanginn af frönskukennaranum sínum – Irene, dularfullri konu af fransk-íslenskum uppruna. Zaldor, sem er fyrstu persónu sögumaður, er utangarðsmaður í menntaskólanum. Hann er að leita að sérstakri gjöf fyrir mömmu sína í tilefni af þrjátíu og þriggja ára afmæli hennar. Zaldor vill verða rithöfundur og segir í innri einræðu að sig dreymi um það að fá nóbelsverðlaun eins og Halldór Laxness: „Ísland er lítið land en á marga fræga rithöfunda – nóbelsverðlaun hefur bara einn fengið... Sjáum til, við skulum reyna, kannski við getum gert annan Halldór Laxness úr þér.“²⁴ Hann ákveður að semja smásögu sem er afmælisgjöf fyrir mömmu hans. Zaldor hefur aldrei komið til útlanda en þráir að ferðast og er duglegur að læra erlend tungumál. Í sögunni er skerpt á andstæðum á milli hverdagslegs veruleikans heima á Íslandi og þess exótíska - hinna framandi útlanda.

²³ Árni Bergmann: Norðan við kalt stríð, bls. 52

²⁴ Gabunia, Dato: Avt'obiograpia islandiurad

Gabunia tekst vel að lýsa hugmyndarheimi ungs stráks en á nokkrum stöðum í frásögninni er greinilegt að höfundur smásögunnar er frá Georgíu og hefur aðeins takmarkaða þekkingu á íslenskum veruleika. Það skapar merkilegt misræmi – georgískum ímyndum um Ísland er lýst í gegnum íslenskan sögumann. Í sögunni koma fram hlutir sem Gabunia telur dæmigerða á Íslandi. Zaldor dreymir til dæmis um að verða frægur rithöfundur og pabbi hans var sjómaður sem drukknaði á sjónum. Annað dæmi er í málsgrein þar sem Zaldor talar um líf sitt en í kjölfarið fylgir umfjöllun um hve vistvænt Ísland er: „Húsin okkar eru hituð með jarðhita og það er alls ekki rándýrt. Á Íslandi þarf ekki kjarnorkuver og landið okkar er semsagt eitt af umhverfisvænustu hreinu löndum í heimi.“²⁵ Þessi smásaga endurspeglar að mörgu leyti ímynd Íslands í Georgíu nútímans, staðalímyndir Sovéttímans um Ísland eru þar enn fyrirferðamiklar eins og þær að Íslands sé paradís bókmennta, að hér sé Halldór Laxness dáður og að Ísland sé vistvænt land, en almenn þekking á íslenskum veruleika er frekar lítil. Nöfn aðalpersónanna í sögunni Zaldor Melmudson og Iren Sigurðsdóttir hljóma til dæmis ekki mjög íslensk.

2.2 Þýðingar úr íslensku yfir á georgísku

Nokkur íslensk bókmenntaverk voru þýdd á gerogrísku, annaðhvort beint úr íslensku eða úr forníslensku en flestar þýðingar voru þýddar í gegnum millimál, oftast úr rússneskri eða þýskri þýðingu. Í Georgíu voru einnig fáanlegar rússneskar þýðinga á íslenskum bókmenntum en þær eru miklu fleiri en þýðingar á georgísku. Rússneska var annað opinbert tungumál landsins og öllum skiljanlegt. En það var mikilvægt fyrir Georgíumenn og þjóðarvitund þeirra að skapa eigin þýðingar. Svo dæmi sé tekið segir Giorgi Djabasjvili í formálanum að þýðingu *Njáls sögu* að það hafi [á þeim tíma] verið þýddar 14 Íslendingarsögur yfir á rússnesku og að Georgíumenn vilji ekki vera eftirbátar Rússa.²⁶

Þar sem Georgía var partur af Sovétríkjunum var þýðingarstarf tengt sovéska menningapólitík. Árni Bergmann bendir á að það var mjög lítið þýtt úr erlendum tungumálum á dögum Stalíns vegna menningapólitíkur sem „gerði samtíðarhöfundum erlendum mjög þröngt inngöngu í heim sovéska bókaútgáfu.“²⁷ Ekki einu sinni verk eftir höfunda eins og Halldór Laxness, sem var talinn mikill Sovétvinur, voru þýdd. Hins vegar var byrjað að birta þýðingar á verkum Halldórs fljótlega eftir andlát Stalíns árið 1953. Til þessarar staðreyndar mun vísað til í ritdómi um þýðingu *Sjálfstæðs fólks* þar sem höfundur segir: „athygli

²⁵ Gabunia, Dato: Avt'obiograpia islandiurad

²⁶ Dsjabasjvili, Giorgi: Ts'inasit'qvaoba, bls.26

²⁷ Árni Bergmann: Utan við markaðslögmálin, bls 73

georgískra þýðenda á íslenskum bókmenntum og sérstaklega Halldóri Laxness er náttúruleg og á réttum tíma²⁸. Þótt að flestar georgískar þýðingar verka eftir Halldór birtist eftir útgáfu bókarinnar *Skáldatíma*, þar sem hann gagnrýndi Sovétríkin harðlega, létu flestir sovéskir höfundar eins og ekkert hefði gerst, samkvæmt Árna Bergmann.²⁹ Í Georgíu var fyrsta útgefna þýðing íslenskra bókmennta safnritið *Skandinavískar smásögur (Skandinaviuri motkhrobebi)* frá árinu 1961. Merkilegt er að þýðingar úr íslensku yfir á georgísku hófust með þýðingum samtímabókmennta. Í ritinu voru meðal annars smásögur eftir Halldór Laxness og Ólaf Jóhann Sigurðsson. Í kjölfar þessarar þýðingar fylgdu þýðingar þriggja skáldsagna eftir Halldór Laxness. Það var ekki fyrr en síðar að byrjað var að þýða fornþýðingarnar, fyrst eddukvæði árið 1971 og svo *Njáls sögu* árið 1977. Svo var engin þýðing úr íslensku birt fyrr en árið 1992 þegar Grigor Matsj'avariani birti þýðingu tveggja smásagna. Tíundi áratugurinn var mjög erfiður tími í sögu Georgíu. Eftir hrun Sovétríkjana var borgarastríð í landinu og þar ríkti alsherjar óreiða³⁰ og þar var því ekki góður jarðvegur fyrir þýðingastarf. Grigor Matsj'avariani útskýrði í viðtali í *Morgunblaðinu* 4. desember 1992 að í Georgíu væri það sem hann kallaði „pappírsvandamál og sum blöð eru lögð niður vegna pappírsskortsins“.³¹ Tvær þýðingar sem hann vann, *Sex íslenskar sögur* og *Jón biskup Arason*, voru af þessum sökum fyrst birtar eftir dauða hans árið 1997. Hér verður fyrst fjallað um þýðingar sem voru þýddar beint úr íslensku og svo um þýðinga sem voru þýddar úr millimáli.

2.2.1 *Njáls saga*

Þýðandinn Giorgi Dsjabasjvili sagði um *Njáls sögu*: „Ef hægt er að tala um [fornsögur sem] bókmenntaundur, þá skal *Njáls saga* vera þess skýrasta birtingarmynd, stærsti minnjagripur íslensks prósa.“³² *Njáls saga* (á georgísku *Nialis saga*) var þýdd árið 1977. Hún var þýdd beint úr forníslensku en ekki er getið úr hvaða útgáfu. Dsjabasjvili er norrænufræðingur sem lærði dönsku í Rússlandi. *Njáls saga* var gefin út hjá forlaginu Nak'adúli í Tbilisi í 20.000 eintökum. Forlagið var stofnað árið 1938 og sérhæfði sig upprunalega í barna- og unglingabókum en frá 1960 líka í georgískum bókmenntum og meistaraverkum heimsbókmentanna.³³ Ritstjóri *Njáls sögu* var N. Gogodze og voru myndir í útgáfunni eftir G.

²⁸ Avaliani, Lado: Laksnesis romani kartulad, [án blaðsíðutals]

²⁹ Árn Bergmann: Utan við markaðslögmálin, bls. 84

³⁰ Um sögu Georgíu á 10. áratug fjallar Donald Rayfield ítarlega í bókinni *Edge of Empires*, bls. 381-390

³¹ Forsætisráðherra býður Grigor Matsjavariani heim. Íslandsklukkan kveikti áhugann á íslenskunni, bls. 4

³² Dsjabasjvili, Giorgi: Ts'inasit'qvaoba, bls. 22

³³ *Wikipedia*. Nak'adúli (gamomtsemloba)

K'asradze. Dsjabasjvili bætti við útgáfuna ítarlegum 22 blaðsíðna formála þar sem hann fjallar ekki aðeins um *Njáls sögu* og Íslendingasögur almennt heldur líka um sögu Íslands, íslenska bókmenntasögu og menningu og listir frá landnámi og allt til nútímans. Elgudsja Berdzenisjvili segir í ritdómi um þýðinguna að hann hefði ímyndað sér þýðinguna á einhverjum georgískum málýskum, forngeorgíska væri ekki viðeigandi en hann hrósar því hversu „einfaldlega“ og á hve ótvíræðu máli sagan er þýdd.³⁴

Þessi útgáfa var fyrsta þýðingin á Íslendingasögu yfir á georgísku. Önnur bók sem inniheldur þýðingar fornsagna – *Sex íslenskar sögur* – kom út 17 árum síðar. Grigol Matsj'avariani nefnir þýðingu *Njáls sögu* eftir Dsjabasjvili í formálanum að *Sex íslenskum sögum*, hann segir að Georgíumenn geti verið stolta yfir að hafa eignast þýðingu á þessari perlu heimsbókmenntanna og þeir séu nú ekki eftirbátar annarra þjóða sem hafa þýtt hana.³⁵ Þýðandinn Dsjabasjvili tjáði sig í svipuðum anda þegar hann sagði það að hafa eignast þýðingu *Njáls sögu* á móðurmálinu sé heiður fyrir georgíska menningu, ekki síst af því að Georgíumenn vilja ekki vera eftirbátar Rússa.³⁶

Í georgískum ritdómum um þýðingar á íslenskum bókmenntum er oft reynt að byggja einhvers konar „brú“ yfir til hinnar framandi íslensku menningar með því að finna eitthvað atriði sem báðir menningarheimarnir eiga sameiginlegt. Dieter Mersch bendir á að hugtakið „öðrun“ felur í sér bæði hið framandi og eigin samsemd. Hann segir að „öðrun“ sé óaðskiljanleg flétta af samlíkingu og mismun, skörunar og aðgreiningar, samfellu og ósamfeli.³⁷ Þessa þverstæðu er að finna víða í georgískum heimildum. Sem dæmi má nefna ritdóm um þýðingu *Njáls sögu* þar sem höfundur reynir að brúa bilið milli georgískrar og íslenskrar menningar með því að finna hliðstæður milli hins íslenska Alþingis og sögu íbúa georgíska fjallasvæðis Khevsureti sem áður fyrr notuðu einhvers konar þjóðþing til að semja lög og kveða upp dóma.³⁸

2.2.2 Þýðingar eftir Grigol og Irmu Matsj'avariani

Grigol Matsj'avariani var mikill Íslandsvinur og fyrsti Georgíumaðurinn sem vitað er að lærði íslensku. Íslenska hefur aldrei verið kennd í Georgíu og Grigor tileinkaði sér málið sjálfur án kennara með hjálp íslensk-rússnesku orðabókarinnar. Hann byrjaði að læra íslensku þegar hann var aðeins 15 ára gamall. Fyrsta sambandið sem hann hafði við Íslendinga hófst ekki

³⁴ Berdzenisjvili, Elgudsja: *Islandiuri saga kartulad*, bls. 200

³⁵ Matsj'avariani, Grigol: *Mtargmelisagan*, bls. 12

³⁶ Dsjabasjvili, Giorgi: *Ts'inasit'qvaoba*, bls. 26

³⁷ Mersch Dietrich: *Vom Anderen reden. Das Paradox der Alterität*, bls. 40

³⁸ Berdzenisjvili, Elgudsja: *Islandiuri saga kartulad*, bls. 199

fyrir en nokkrum árum síðar þegar íslenskur háskólakennari og Kákasusfræðingur, Friðrik Þórðarson, dvaldi í Tbilisi um skeið. Grigol langaði mikið að koma til Íslands og sendi þá bréf til *Morgunblaðsins* þar sem hann lýsti áhuga sínum á landinu og löngun sinni að koma hingað. Bréfið var birt 24. október 1992 og vakti mikla athygli. Þá bauð Davíð Oddsson forsætisráðherra honum og konunni hans Irmu til Íslands. Hjónin dvöldu í nokkra mánuði í landinu og margir Íslendingar muna eftir viðtali við Grigol í útvarpinu þar sem öllum kom á óvart hversu góðu valdi á íslenskunni hann hafði náð. Á meðan Grigol dvaldist á Íslandi byrjaði hann að vinna að nokkrum þýðingum, meðal annars á nokkrum Íslendingasögum sem seinna voru birtar í bókinni *Sex íslenskar sögur*. Grigol Matsj'avariani lést árið 1996 í bíslýsi aðeins 33 ára gamall.

2.2.2.1 Smásögur eftir Halldór Stefánsson og Jónas Hallgrímsson

Grigol Matsj'avariani þýddi smásögurnar „Júlíus“ og „Hrotur“ eftir Halldór Stefánsson og birtust þær í bókmenntatímariti árið 1992 og einnig ævintýrið „Leggur og skel“ eftir Jónas Hallgrímsson. Hann lýsti þessu í samtali við Ágústínu Jónsdóttur.³⁹ Ekki var hægt að finna út í hvaða tímariti sögurnar voru birtar.

2.2.2.2 *Sex íslenskar sögur*

Bókin *Sex íslenskar sögur (Ekvsi islandiuri saga)* kom út árið 1997 hjá forlaginu Aghmasjenebeli í Tbilisi og var gefin út með styrk frá íslenska forsætisráðuneytinu. Þýðandinn var Grigol Matsj'avariani. Upplag bókarinnar er óþekkt. Myndskreytingar í bókinni eru eftir Giorgi Bugadze. Bókin er úrval fornsagna og inniheldur þýðingar *Íslendingabókar Ara fróða, Íslendings þáttar sögufróða, Helga sögu Hallvarðssonar, Sigurðar þáttar borgfirski, Gunnlaugs sögu ormstungu og Grænlandinga sögu*. Grigol vissi að þessi bók var aðeins önnur útgáfa Íslendingasagna á georgísku og valdi því efnið vandlega. Honum fannst til dæmis að *Íslendingabók* væri líkleg til að vekja áhuga vegna fjölbreytileika í efnismeðferð. Í henni eru upplýsingar um landnám, landnámssögu, kristnitöku og misseristal.⁴⁰ *Grænlandinga saga* var valin vegna þess að Grigol vildi kynna Georgíumenn fyrir því að Íslendingar voru fyrstir Evrópumanna til að uppgötva Ameríku.⁴¹ *Gunnlaugs saga ormstunga* vakti hins vegar athygli hans af því að hún sýnir að Íslendingasögur snúast ekki

³⁹ Ágústína Jónsdóttir: Straumhvörf í lífi mínu, bls. 4

⁴⁰ Sama heimild, bls. 6

⁴¹ Forsætisráðherra býður Grigol Matsj'avariani heim. Íslandsklukkan kveikti áhugann á íslenskunni, bls. 4

aðeins um blóð og hefnd heldur líka um ást.⁴² Grigol samdi formála þar sem hann rekur stuttlega helstu atburði í sögu Íslands og þá sérstaklega á miðöldum. Í honum gefur hann líka yfirlit yfir tegundir og stíl íslenskra fornsagna. Þýðingar sagna eftir Grigol eru mjög vandaðar, sögur í þýðingu hans varðveita vel upprunalegan stíl sinn á íslensku. Hann taldi sjálfur að sem þýðandi hafi hann þurft að leggja sál sína í textana og líta á sjálfan sig sem nokkurs konar brú á milli frumtextans og georgískra lesenda.⁴³

2.2.2.3 Jón biskup Arason

Þýðing æfisögunnar *Jón biskup Arason* eftir Þórhall Guttormsson var gefin út árið 1997 hjá forlaginu Aghmasjenebeli með styrk frá íslenska forsætisráðuneytinu. Útgáfan er helguð minningu Grigol Matsj'avaríanis sem var þýðandi bókarinnar. Upplag hennar er óþekkt. Bókin heitir á georgísku *Uk'anask'neli k'atolik'e ep'isk'op'osi* sem þýðir *Síðasti kaþólski biskupinn* en tilgangurinn mun vera að útskýra fyrir georgískum lesendum hver Jón Arason var. Grigol hafði mikinn áhuga á ævi Jóns Arasonar meðal annars af því að hann fann hliðstæður milli sjálfstæðisbaráttu Georgíumanna og Íslendinga fyrr á tímum.⁴⁴

Þórhallur Guttormsson veitti Grigol ráð við þýðingu bókarinnar og samdi líka stuttan formála fyrir þýðinguna. Í formálanum lýsir Þórhallur stöðu Jóns Arasonar í sögu Íslands og sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Grigol sleppti í þýðingunni eftirmála bókarinnar þar sem honum fannst þessi eftirmáli ekki áhugaverður fyrir georgíska lesendur. Grigol bætti líka við útgáfuna ítarlegum skýringum sem skýra nánar allt það sem gæti verið torskilið georgískum lesendum.

2.2.3 Smásögur eftir Halldór Laxness og Ólaf Jóhann Sigurðsson í safnritinu *Skandinavískar smásögur*

Skandinavískar smásögur (*Skandinaviuri motkhrobebi*) er safnrit smásagna eftir höfunda frá Íslandi, Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Það var gefið út hjá forlaginu Sabtsjota mts'erali (Sovéskur rithöfundur) í Tbilisi árið 1961. Upplag bókarinnar var 30.000 eintök og þýðandinn Tinatin K'oplat'adze. Í þessu safnriti birtast smásögurnar „Lilja“ og „Napóleon Bónaparti“ eftir Halldór Laxness. Auk þeirra voru í safninu tvær smásögur eftir Ólaf Jóhann Sigurðsson, „Hengilásinn“ og „Dulið erindi“.

„Lilja“ og „Napóleon Bónaparti“ eru fyrstu þýðingarnar á verkum Halldórs yfir á georgísku sem getið er um. Sama þýðing á „Napóleon Bónaparti“ var líka gefin út sem

⁴² Ágústína Jónsdóttir: *Straumhvörf í lífi mínu*, bls. 6

⁴³ Sama heimild, bls. 6

⁴⁴ Jón Arason og sjálfstæðisbarátta Georgíumanna, bls. 20

sérstök bók árið 1968 hjá forlaginu Nakadúli í ritröðinni „Bókasafn einstakra sagna“ („Erti motkhrobis bibliotek´a“) í ritstjórn K´onst´ant´ine Lortkipanidzes og var upplagið 20.000 eintök.

Á kápu *Skandinavískra smásagna* stendur að smásögurnar í safnritinu lýsi erfiðu lífi manna og von um betri framtíð sem er dæmigerður frasi í sósíalískri túlkun bókmennta. Safnritið inniheldur stuttan formála eftir Tinatin K´op´lat´adze. Merkilegt er að þótt bókin sé safn smásagna eftir skandinavíska höfunda er í formálanum fyrst og fremst fjallað um Ísland. „Ísland er merkilegt á meðal þessara landa [Norðurlanda] – einn af fjörugustu og sérstökustu stöðum í heimi. Ísland hefur einkennilega landafræði, einkennlegt andlegt líf, og sérstæðan lífsstíll. Í augum margra er Ísland land sagna og skálda.“⁴⁵ Svo fylgir umfjöllun um Íslendingasögur og mikilvægi þeirra fyrir Íslendinga. Frá Íslendingasögum snýr höfundur sér að nútímanum og lýsir Halldóri Laxness. „Ísland samtímans gaf heiminum Halldór Laxness, mikinn höfund sem skrifar um erfiðleika manna, er bjartsýnn, meistari orða og þekkir vel hjarta Íslendinga“⁴⁶ Þetta atriði er dæmigert fyrir ímynd Íslands eða íslenskra bókmennta í Georgíu, Íslendingasögur og Halldór Laxness eru oftast það fyrsta sem er nefnt þegar er talað um landið.

2.2.4 Þýðingar á skáldsögum eftir Halldór Laxness

Í samhengi þýðinga verka eftir Halldór Laxness skiptir ekki litlu máli að hann kom til Georgíu árið 1937 þegar hann var að ferðast um Sovétríkin. Í georgískum heimildum er honum oft lýst sem miklum Georgíuvini. En ítarlegri umfjöllun um Georgíumynd í ritum Halldórs verður í kafla 3.1 hér á eftir. Að Halldór var vinsæll í Georgíu birtist í því að hann er mest þýddi íslenski höfundurinn á georgísku. Það voru þýddar þrjár skáldsögur og tvær smásögur eftir hann. Til samanburðar voru í nágrannalöndum Georgíu á Kákasussvæðinu færri sögur þýddar. Í Armeníu (á þeim tíma sovétlýðveldið Armenía) voru aðeins þýddar tvær skáldsögur eftir hann: *Íslandsklukkan* árið 1989 og *Sjálfstætt fólk* 1967 en báðar voru þær þýddar úr rússnesku.⁴⁷ Í Aserbaídsjan (þá sovétlýðveldið Aserbaídsjan) var aðeins þýdd smásagan „Fugl á garðstaurunum“ árið 1973.⁴⁸ Mögulegt er að það hafi verið þýdd ein smásaga eftir Halldór í viðbót í Georgíu enda talar Ak´ak´i Gelovani um að árið 1956 hafi verið lesin ein smásaga

⁴⁵ K´op´lat´adze, Tinatin: Ts´inasit´khvaobis magier, bls. 3

⁴⁶ Sama heimild, bls. 4

⁴⁷ Haraldur Sigurðsson, Sigríður Helgadóttir og Jökull Sævarsson. [án árs]. Skrá um rit Halldórs Laxness á íslensku og erlendum málum, bls. 35

⁴⁸ Sama heimild, bls. 35

eftir hann í útvarpi og síðan birt í blaði einu en ekki tókst að finna þessa þýðingu og það er óskýrt hvort að hann talaði þar um rússneska eða georgíska þýðingu.⁴⁹

2.2.4.1 *Atómstöðin*

Atómstöðin, á georgísku *At'omis sadguri*, kom út árið 1965 hjá forlaginu Nak'adúli í Tbilisi. Hún var fyrsta skáldsagan eftir Halldór sem var þýdd yfir á georgísku. Þýðendur hennar voru tveir: Dsjemal Kartsjkhadze og Davit Ts'erediani. Ekki er þess getið úr hvaða máli bókin var þýdd en Kartsjkhadze þýddi aðallega úr rússnesku og þýsku og Ts'erediani úr þýsku. Georgíska þýðingin er líklega þýdd úr einhverju millimáli þótt það sé ekki sérstaklega tekið fram í bókinni. Upplag bókarinnar var 10.000 eintök. Bókin inniheldur stuttan formála. Í honum er fjallað um Ísland og íslenska menningu. Höfundur álitur að *Atómstöðin* sé „furðulega undrunarverð“ skálsaga. Hann kemst að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir að við fyrstu sýn séu persónurnar skrítnar og sambönd milli kvenna og karla og innan fjölskyldna séu óvenjuleg sé *Atómstöðin* í rauninni „raunsæislegt bókmenntaverk“.⁵⁰

Formálinn er heldur ekki alveg laus við pólitíska túlkun, svipað og formáli rússnesku útgáfunnar þar sem Anatolij Sofronof sagði að *Atómstöðin*: „afhjúpar miskunnarlaust upplausn og tómléika borgaralegs samfélags [...]. Þetta er hvöss og sönn ádrepa á borgaraleg stjórnvöld Íslands sem selja land sitt og þjóð amerískum heimsvaldasinum“.⁵¹ Höfundur formála georgísku þýðingarinnar tók líklega þennan formála til fyrirmyndar þegar hann staðhæfði: „Laxness lýsir með dökkri háðsádeilu spillingu borgarlegs samfélags. Hann sýnir tilraun ráðandi stéttar til að selja landið amerískum heimsvaldasinum í óþökk íslensks almennings.“⁵² En hann finnur samt meira en pólitískan undirtónn í sögunni: „Í skáldsögunni er greinileg trú á menn, trú á það að fólkið sé ósigrandi og á það að réttlætið sigri.“⁵³ Þessi trú á manneskjuna er dæmigerð fyrir túlkun rita eftir Halldór í Georgíu og kemur m.a. fram í umfjöllunum um *Sjálfstætt fólk*.

⁴⁹ Sbr. Gelovani, Ak'ak'í: Islandiis tbili guli, [án blaðsíðutals]

⁵⁰ Formáli. *At'omis sadguri*, bls. 4

⁵¹ Sofronov, Anatolij: Ljubimyj pisatel islandskogo naroda, bls 8 [íslensk þýðing eftir Árna Bergmann: Norðan við kalt stríð, bls. 41]

⁵² Formáli. *At'omis sadguri*, bls 4

⁵³ Sama heimild, bls. 4

2.2.4.2 Íslandsklukkan

L. K'ík'nadze sagði í ridómi um *Íslandsklukkuna*, sem út kom í september árið 1966, að hún væri: „[...] raunaleg saga íslensks hetjuskapar“.⁵⁴ Skáldsagan var þýdd af rithöfundinum og þýðandanum Ak'ak'í Gelovani. *Íslandsklukkan* var gefin út hjá forlaginu Lit'erat'ura da khelovneba í Tbilisi í ritröðinni „Erlendar nútímalegar skáldsögur“ (Utskhoetis tanamedrove romani) í upplaginu 25.000 eintök. Gelovani þýddi úr þýskri þýðingu eftir Ernst Harthern Berlin sem gefin var út hjá Aufbau Verlag í Weimar árið 1952 og endurútgefin 1956. Einnig notaðist hann við rúsneska þýðingu eftir Ninu Krymovu og Önnu Emzinu. Einnig segir Gelovani í eftirmálanum að þeir Halldór hafi skrifast á til að leysa úr nokkrum atriðum þýðingarinnar.⁵⁵

Gelovani og K'ík'nadze vísa báðir til sænska bókmenntafræðingsins Peters Hallbergs um að *Íslandsklukkan* sé „þjóðlegasta íslenska skáldsaga Laxness“.⁵⁶ *Íslandsklukkan* nefnist á georgísku *Islandiis zari*. Undirfyrirsögn þýðingarinnar er „Íst'oriuli romani“ sem þýðir söguleg skáldsaga og er einhvers konar „útskýring“ fyrir lesendur um hvað skáldsagan fjallar.

Halldór skrifaði sérstakan formála fyrir georgísku útgáfuna, hann var skrifaður á ensku og þýddur af Elgudsja Maghradze. Þessi formáli hefur haft mikil áhrif á stöðu Halldórs sem Georgíuvinar og það er vísað til hans í flestum síðari greinum sem fjalla um skáldið. Halldór segir í formálanum að það hafi glatt hann, en um leið hafi það komið honum á óvart, þegar hann frétti að það væri ætlunin að gefa út skáldögu hans í 25.000 eintaka upplagi. Hann segir að í öðrum „litlum löndum“ hafi hann verið gefinn út í 1.500 eða 2.000 eintaka upplögum og í stórum löndum aðeins í litlum upplögum. Halldór segist vera mjög ánægður með það að í landi með svo hátt menningastig komi bókin hans út í svo stóru upplagi og gleymir ekki að hrósa Sovétríkjunum fyrir útgáfu bóka: „Að mínu áliti er hinn mikli eldmóður í dreifingu bóka eitt af helstu afrekum Sovétríkjanna.“⁵⁷

Ak'ak'í Gelovani samdi eftirmálann „Norður 'odiesa“ („Tsjrdiloetis 'odiesa') sem er 13 blaðsíður. Það er til eitt eintak af bókinni í Íslandssafni Landbókasafns Íslands sem Ak'ak'í Gelovani tileinkaði Halldóri: „Til góðvinar míns og mesta skálds míns samtíma, Halldórs Laxness, með virðingu og lotningu, þýðandi hans Ak'ak'í Gelovani“. Halldór er í georgískum heimildum oft álitinn vera einhvers konar arftaki höfunda Íslendingasagnanna. Til dæmis virðist Ak'ak'í Gelovani halda að Halldór hafi verið alinn upp með Íslendingasögunum og að

⁵⁴ K'ík'nadze, L.: Tsjrdiloetis odiesa, [án blaðsíðutals]

⁵⁵ Gelovani, Ak'ak'í: Tsjrdiloetis odisea, bls. 503

⁵⁶ Sama heimild, bls. 503 og K'ík'nadze, L.: Tsjrdiloetis odiesa, [án blaðsíðutals]

⁵⁷ Halldór Laxness: „Islandiis zari“ kartuli gamotsemis ts'inasi't'qvaoba, bls. 5

hann byggði verk sín á þeim, alveg eins og Grikkinn Hómer byggði verk sín á grískum goðsögnum og gerði þær ódauðlegar.⁵⁸ Samanburður við Hómer notaði Halldór sjálfur, en í öðru samhengi, þegar hann útskýrði í formálanum að íslenskar bókmenntir fyrra alda hafi orðið til undir svipuðum kringumstæðum og grískar fornþéttir á tímum Hómers, þegar engar borgir voru í landinu og flestir íbúar voru bændur eða sjómenn.⁵⁹ Gelovani finnst svipaður stíll hjá Halldóri og í Íslendingasögunum og til dæmis álitur hann að frásagnarstíll Halldórs sé rólegur, að persónur hans séu hnitmiðaðar í tali, að stíllinn sé hlutlægur og ekki hástemmdur rétt eins og stíll Íslendingasagna.⁶⁰

Georgísk túlkun skáldsagna Halldórs er stundum sérkennileg út frá sjónarhóli Evrópubúa. Gelovani finnst til dæmis atriðið þar sem Magnús selur Snæfríði fyrir flösku af snaps svo fyndið að ekki einu sinni Shakespeare myndi semja svo fyndna senu. Stundum er erfitt að átta sig á hvað höfundur á við, hann álitur til dæmis að sorglegur endir *Íslandsklukkunar* lýsi almennum vonbrigðum, sömu vonbrigðum og orsökðu að Stefan Zweig gafst upp.⁶¹ En svona sérkennilegur ritstíll er eðlilegur í georgískum greinum og er ekki einungis að finna hjá Gelovani.

2.2.4.3 *Sjálfstætt fólk*

Skáldsagan *Sjálfstætt fólk* (*Damouk'idebeli adamianebi*) mun hafa verið þýdd úr rússnesku en þýðandi hennar var Nino Samuk'asjvili. Á georgísku ber bókin undirtitilinn – gmluri saga – hetjusaga.⁶² Skáldasagn var gefin út hjá forlaginu „Sabtsj'ota Sakartvelo“ (Sovét Georgía) sem var ríkisforlag stofnað árið 1921. Forlagið var alhliða og gaf út u.þ.b. 400 titla á ári.⁶³ Upplagið var 40.000 eintök. *Sjálfstætt fólk* kom út 1968 en útgáfan inniheldur aðeins stuttan formála sem er tæp hálf blaðsíða. „Íslendingar eru aðeins 180.000 eins og önnur stærsta borg Georgíu Kutaisi en Halldór Laxness hefur nú eignast 40.000 vini,“⁶⁴ sagði Ak'ak'í Gelovani þar um þýðinguna í sínum skáldlega stíl.

Árni Bergann bendir á að *Sjálfstætt fólk* hafi verið í Rússlandi „sú skáldsaga sem einkum var tekin til dæmis um að sósíalrealismin lifði nokkuð góðu lífi á Vesturlöndum.“⁶⁵ Það var

⁵⁸ Gelovani, Ak'ak'í: Tsjrdiloetis odisea, bls. 501

⁵⁹ Halldór Laxness: „Íslandiis zari“ kartuli gamotsemis ts'inasit'qvaoba, bls. 6

⁶⁰ Sama heimild, bls. 504

⁶¹ Sama heimild, bls. 509

⁶² Georgíumenn nota orðið „saga“ (საგა) sem tökuorð fyrir fornsögur. Ak'ak'í Gelovani útskýrir í ritdómi sérstaklega að *Sjálfstætt fólk* sé engin saga í þessu skilningi. Sbr. Ak'ak'í Gelovani: „Damouk'idebeli adamianebi“ kartul enaze, [án blaðsíðutals]

⁶³ *Wikipedia*. Sabtsj'ota Sakartvelo

⁶⁴ Ak'ak'í Gelovani: „Damouk'idebeli adamianebi“ kartul enaze, [án blaðsíðutals]

⁶⁵ Árni Bergmann: Norðan við kalt stríð, bls. 43

ekki svo í Georgíu. Frekar en að túlka verkið í anda sósíalrealisma einbeitu gagnrýnendur sér meira að napurlegum örlögum Bjarts og sjálfstæðisbaráttu hans. Til dæmis bauð undirfyrirsögnin “hetjusaga” sem er að finna í eldri íslenskum útgáfum og líka í rússneskri þýðingu upp á túlkun í anda sósíalísks realisma. Sem sagt, að sagan lýsi fólki úr verkamannastétt sem vinni hörðum höndum eins og „sannar hetjur“.

En dæmigert er að aðalástæðan fyrir því að Bjartur var talinn „hetja“ í Georgíu var ekki einungis vegna þess að hann tilheyrir verkamannastétt, heldur frekar af því að hann átti við mikla erfiðleika að stríða. Í formálanum að þýðingu *Atómstöðvarinnar* er til dæmis fullyrt um *Sjálfstætt fólk*: „Í skáldsögunni er sýndur einfaldur Íslendingur, maður sem vinnur erfiða vinnu og sem er þrjóskur persónuleiki og hetjuleg sál.“ Og líka að *Sjálfstætt fólk* sé „mikil félagsleg skáldsaga“.⁶⁶ Í ritdómi um þýðinguna segir Ak´ak´i Gelovani: „Hér urðu örlög íslensks bónda að efni skálsögunnar og þetta efni er gert að mannlegum mælikvarða eins og harmleikur bóndans almennt.“⁶⁷

Bjartur í Sumarhúsum er ekki aðeins tekinn sem dæmi fyrir aðdáunarverða manneskju heldur líka fyrir að Íslendingar séu mikil bókmenntaþjóð. Ak´ak´i Gelovani segir í ritdómi að „það sé engin lygi að kalla Íslendinga mestu bókmenntaþjóð í heimi“ og vísar til Bjarts sem álitur að það sem ekki sé í bundnu máli sé ekki satt.⁶⁸ Í ritdómi eftir Lado Avaliani er minnt á að efni úr sveitinni hafi sérstöðu í georgískum bókmenntum. Erfitt líf íslensks bónda og vonlaus barátta hans fyrir sjálfstæði sínu er hjá Avaliani í brennidepli. Einn helsti kostur *Sjálfstæðs fólks* eru að hans mati „þjóðleg litbrigði“ skáldsögunnar.⁶⁹

Halldóri var hrósað fyrir hæfileikja til að gefa innsýn í sál sögupersóna sinna. Í formála að þýðingu *Sjálfstæðs fólks* segir: „Frægi íslenski rithöfundurinn Halldór Laxness heillar með hreinskilni sinni, góðri þekkingu á mannlífinu og þess vegna er allt sem hann hefur samið trúverðugt og sannfærandi.“⁷⁰ Áhersla er líka lögð á að Halldór sé sjálfur úr sveit: „Hann er sjálfur bóndasonur og þekkir tilfinningar bóndans.“⁷¹

Báðir gagnrýnendur benda á nokkur mistök í þýðingunni. Gelovani lofar þýðinguna sem heild og ber hana saman við þýskar og rússneskar þýðingar en bendir á mistök í prófakarlestri og nokkur atriði þýðingarinnar sem væri hægt að þýða betur. Avalianu hrósar þýðingunni en gagnrýnir mistök í prófakarlestri.

⁶⁶ [Formáli]. *At´omis sadguri*, bls. 3

⁶⁷ Ak´ak´i Gelovani: „Damouk´idebeli adamianebi“ kartul enaze, [án blaðsíðutals.]

⁶⁸ Sama heimild, [án blaðsíðutals]

⁶⁹ Avaliani, Lado. Laksnesis romani kartulad, [án blaðsíðutals]

⁷⁰ [Formáli]. *Damouk´idebeli adamianebi*, bls. 2

⁷¹ Ak´ak´i Gelovani: „Damouk´idebeli adamianebi“ kartul enaze, [án blaðsíðutals]

2.2.5 Eddukvæði

Eddukvæði á georgísku *Úprosi Eda* voru þýdd af skáldinu og þjóðfræðingnum Giorgi K'alandadze og gefin út árið 1971 hjá forlaginu „Sabtsj'ota Sakartvelo. Upplag var aðeins 4.000 eintök. Nokkur kvæði höfðu áður verið birt í tímaritum, til dæmis hetjukvæðið Helgakviða hundingsbana II, sem var birt árið 1967 í tímaritinu *Mnatobi*⁷² og goðakvæðið Grógaldur í tímaritinu *Sakartvelos kali* árið 1969.⁷³ Mögulegt er að fleiri eddukvæði hafi verið birt á slíkum vettvangi, en þess er ekki getið. K'alandadze þýddi úr þýskri þýðingu, en ekki er getið úr hvaða útgáfu en hann hafði einnig rússneska þýðingu til hliðsjónar. Þýðandi bætti við útgáfuna ítarlegum útskýringum (á bls. 259-316). Í ritdómi gleymist ekki að leggja áherslu á að georgískar útskýringar eru stundum ítalegri og betri en rússneskar.⁷⁴ Ritstjóri útgáfunar var Davit Lasjkaradze og hann samdi líka ítarlegan 41 blaðsíðna formála en í honum fjallar hann um fornnorrænan goðaheim og hetjur. Í formálanum lýsir hann einnig stíl eddukvæða, helstu handritum þeirra og útskýrir helstu hugtök sem tengjast þeim.

Eddukvæði voru að öllum líkindum ekki mjög þekkt í Georgíu en á kápu bókarinnar stendur að markmið þessarar þýðingar sé að kynna fyrir georgískum lesendum þessi merkilegu og hingað til alveg ókunnugu bókmenntaverk. Á georgísku eru eddukvæði kölluð *Úprosi Eda* sem þýðir „eldri Edda“ – *Snorra Edda* er kölluð „yngri Edda“. Þessi heiti eru samkvæmt höfundi ritdóms tekin úr rússnesku en höfundi þótti betra að lýsa þeim sem „gömlu“ og „ungu“ Eddu en þau heiti heldur hann að séu notuð á íslensku.⁷⁵

Kvæðum í útgáfunni er skipt í goðakvæði, hetjukvæði og önnur kvæði. Útgáfan inniheldur goðakvæðin Völuspá, Hávamál, Vafþrúðnismál, Grímnismál, Skírnismál, Hárbarðsljóð, Lokasenu, Þrymskviðu, Svipdagsmál (Grógaldur) og Fjölsvinnsmál. Hetjukvæðin eru Völundarkviða, Helgakviða Hundingsbana fyrri, Helgakviða Hjörvarðssonar, Helgakviða Hundingsbana önnur, Sinfjötllök, Sigurðarkviða Fáfnisbana fyrsta (Grípisspá), Sigurðarkviða Fáfnisbana önnur (Reginmál), Fáfnismál, Sigdrífumál, Brot af Sigurðarkviðu, Guðrúnarkviða in fyrsta, Sigurðarkviða Fáfnisbana in þriðja, Helreið Brynhildar, Dráp Niflunga, Guðrúnarkviða in önnur, Guðrúnarkviða in þriðja, Oddrúnargrátr, Atlakviða, Atlamál, Guðrúnarhvöt og Hamðismál. Auk þess eru í þessari útgáfu Vegtamskviða (Baldrs draumar), Rígsnál og Hyndluljóð.

⁷² *Úprosi Eda*. [Grógaldur], bls. 13-14

⁷³ *Úprosi Eda*. [Helgakviða hundingsbana II], bls. 118-124

⁷⁴ [Ritstjórn rithöfundasambands Georgíu – þýðingardeild]: „*Úprosi Edas*“ gankhilva, bls. 2

⁷⁵ Sama heimild, bls. 2

Í ritdómi um georgíska útgáfu eddukvæða talar höfundur um hvernig eddukvæði urðu til og túlkar uppruna þeirra í anda sósíalísks realisma. Hann segir að eddukvæði hafi orðið til á nokkurra alda tímabili og hafi verið samin af „mismundandi stéttum“ á þeim tíma sem ættarsamfélagið var að líða undir lok og lénveldissamfélagið var að festast í sessi og á meðan á þessu stóð ríkti „barátta milli stétta“. Hann segir að hluti eddukvæðanna hafi verið saminn af „bændum sem beygðu sig ekki undir lénveldið“.⁷⁶ Þessi lýsing er merkilegt dæmi um það hvernig sósíalrealistísk túlkun var algild í Sovétríkjunum. Hún var ekki aðeins notuð á bókmenntaverk eins og *Sjálfstætt fólk* sem býður upp á slíka túlkun, heldur líka á miðaldabókmenntaverk eins og eddukvæði. André Lefevere kallar slíka túlkun „endurritun“ og segir að endurritarar „aðlaga [...] og hagræða að einhverju marki upprunalegu verkunum sem unnið er með, venjulega í þeim tilgangi að þau falli að hugmyndafræðilegum og skáldskaparfræðilegum meginstraumi eða -straumum samtímans.“⁷⁷ Í Sovétríkjunum var í þessum „endurritunum“ að finna auðkenni bókmenntastefnu hins sósíalíska realisma og lýsing á henni í formála eða að minnsta kosti ritdómi var stundum, eins og Árni Bergmann bendir á, nauðsynleg til að fá heimild til birtingar bóka:

[...] í Sovétríkjunum var talið að minnsta kosti æskilegt, ef ekki nauðsynlegt, að túlka verk merkra erlendra höfunda sem þar komu út á þann veg, að þau þjónuðu svipuðum markmiðum og sett voru í sovéska alþjóðapólítík og menningarstefnu.⁷⁸

⁷⁶ [Ritstjórn rithöfundasambands Georgíu – þýðingardeild]: „Úprosi Edas“ gankhilva, bls. 2

⁷⁷ Lefevere, André: *Þýðingar, endurritun og hagræðing bókmenntaarfsins*, bls. 31

⁷⁸ Árni Bergmann: Utan við markaðslögmálin, bls. 77

3. Georgísk-íslensk bókmenntatengsl

Georgísk-íslensk bókmenntatengsl eru mun færri en íslensk-georgísk tengsl á sviði bókmennta. Georgíska er ekki indóvevrópskt tungumál og málfræði hennar telst vera sérstaklega erfið. Hún er einnig ekki kennd nema í örfáum háskólum í Evrópu. Eini Íslendingurinn sem kunnir georgísku var málvísindamaður og háskólakennari í Osló, Friðrik Þórðarson að nafni. Halldór Laxness hafði mikil áhrif á ímynd Georgíu á Íslandi í ritum þeim þar sem hann fjallar um Georgíu. Það fyrsta, sem kemur mörgum Íslendingum í hug þegar talað er um Georgíu, eru vinsældir Íslandsvinarins Grigol Matsj´avarianis.

3.1 Ímynd Georgíu í íslenskum bókmenntum

Miðað við fjölda þýðinga úr íslensku yfir á georgísku og texta sem fjalla um Ísland í Georgíu hefur tillitlulega lítið verið skrifað um Georgíu og þýtt úr georgísku á Íslandi. Samt eru til nokkrar áhugaverðar heimildir um ímynd Georgíu á Íslandi. Elstu heimildir sem voru notaðar í þessum kafla eru kaflar í *Gerska ævintýrinu* og *Skáldatíma* eftir Halldór Laxness þar sem hann lýsir dvöl sinni í Georgíu en hann kom þangað á annarri ferð sinni um Sovétríkin um áramótin 1937 og 1938. Aðrar heimildir voru bókin *Kallað í Kremlarmúr* eftir Agnar Þórðarson, sem fjallar um ferð íslenskra rithöfunda til Sovétríkjanna árið 1956. Þá má nefna blaðið *Fréttir frá Sovétríkjunum* 1981, tölublað 12-13, þar sem er fjallað um Grúsíudaga MÍR. Blaðið er reyndar á nokkrum stöðum smitað af sovéskum áróðri en samt ágæt heimild og inniheldur líklega ítarlegustu upplýsingar um Georgíu sem hafa verið birtar á íslensku. Og síðast en ekki síst má nefna greinar eftir Friðrik Þórðarson og greinar eftir og um Grigol Matsj´avariani. Georgíu er í íslenskum heimildum lýst sem exótísku landi og ímynd Georgíu á Íslandi er mjög jákvæð, sérstaklega í sambandi við georgíska menningu og bókmenntir. Georgíumynd einkennist ekki að þjóðhverfum hugsunarhætti, eins og kannski mætti búast við þegar um viðhorf lands í Evrópu til lands í Asíu er að ræða. Joep Leerssen bendir á að framandi lönd og menningarheimar kunnir að kalla fram annaðhvort skilninglessi, ótta og andúð eða í sumum tilvikum líka aðdáun og unað.: „Þetta jákvæða mat á hinu framandlega er að sumu leyti bein andstaða við þjóðhverfan hugsunarhátt [...].“⁷⁹

⁷⁹ Leerssen, Joep: Exótík, bls. 160

Halldór Laxness sem Georgíuvínur

Halldóri Laxness var í Sovétríkjunum oft hrósað sem miklum Sovétvini. Í georgískum heimildum er lögð áhersla á að Halldór sé Georgíuvínur en hann er talinn Georgíuvínur vegna annarra ástæðna en hann er talinn Sovétvínur í rússneskum heimildum. Í Sovétríkjunum var fyrst og fremst lögð áhersla á pólitískar skoðanir Halldórs en í Georgíu vakti hann hins vegar athygli með virðingu sinni fyrir georgískri menningu og með ritum sínum frekar en pólitískum skoðunum sínum. Að Halldór var mikils metinn í Georgíu sanna fullyrðingar gagnrýnenda og þýðenda um hann: „einn af bestum rithöfundum heimsins.“⁸⁰ og „mikill vinnur landsins okkar“.⁸¹ Í ritdómi um þýðingu *Sjálfstæðs fólks* er Halldór kallaður: „vestrænn öndvegishöfundur frá hinu minnsta landi, sonur Íslands [...]“.⁸² Halldór stuðlaði að þessari ímynd sinni sem Georgíuvínur sjálfur með fullyrðingum sínum, til dæmis í formálanum að þýðingu *Íslandsklukkunar*. Hann lýsir þar, eins og áður sagði, ánægju með að bókin sín sé gefin út í stóru upplagi og fullyrðir síðan: „Í dag er ég í slíku skapi að mig langar að hafa eins marga georgíska gesti heima hjá mér og komast fyrir í herberginu mínu og skemmta mér með þeim.“⁸³ Til þessarar setningar ásamt hluta af þessum formála var vísað í mörgum greinum og hún varð mjög fræg í Georgíu.

Halldóri var boðið að taka þátt í rithöfundabingi í Tbilisi en í *Gerska ævintýrinu* segir hann frá því að hann hafi verið að skrifa *Höll sumarlandsins* á leiðinni til Georgíu í lest frá Moskvu.⁸⁴ Hann dvaldist í landinu í rúmlega tvær vikur og ferðaðistst víða. Landið var Halldóri ekki ókunnugt, hann var vel upplýstur um það og georgíska menningu og sagði í því sambandi:

Grúsía er það land innan Ráðstjórnarríkjanna sem mér hefur einna mest leikið hugur á að kynnast, ekki aðeins vegna hinnar einstöku legu milli austurs og vesturs, heldur af því Grúsía er eina landið í Ráðstjórnarlýðveldunum sem hefur verið hámenningarland að fornu.⁸⁵

Halldór dáðist mikið að forni georgískri menningu: „Umþaðbil sem rússar lifðu sem reikandi kynkvíslir, óþekktar, lítt skipulagðar og siðlausar með öllu, versturá steppunum, og norrænir menn áttu sér hvorki sögu né þektu bókstafi, þá ríkti hámenning í Grúsíu.“⁸⁶ En þessa

⁸⁰ Gelovani, Ak´ak´i: Tsjriloetis odisea, bls. 503

⁸¹ Ak´ak´i Gelovani: „Damouk´idebeli adamianebi“ kartul enaze, [án blaðsíðutals]

⁸² Sama heimild, [án blaðsíðutals]

⁸³ Halldór Laxness: „Íslandiis zari“ kartuli gamotsemis ts´inasit´qvaoba, bls. 5

⁸⁴ Halldór Laxness: *Gerska ævintýrið*, bls. 105

⁸⁵ Sama heimild, bls 109

⁸⁶ Sama heimild, bls 110

aðdáun á georgískri menningu er ekki aðeins að finna hjá Halldóri heldur hjá fleiri íslenskum höfundum.

Georgískar bókmenntir og menning

Georgía er þekkt sem fæðingarland Medeu og oft er minnst á þetta í íslenskum heimildum. Georgía hefur langa og fjölbreyta menningasögu, eins og tekið var fram í *Fréttum frá Sovétríkjunum*:

Saga Grúsíu nær langt aftur í aldir. Fyrstu sagnir af landinu, eða réttara sagt Kolkhid-keisaraveldinu, sem var á því landsvæði, sem Grúsía er nú, finnum við í hinni forgrísku [sic] sögu af Jason, Medeu og gullna reyfinu. Fyrstu sögulegar heimildir um landið eru í ritun Herodots, „föður sögunnar“ (5. öld f. Kr.).⁸⁷

Friðrik Þórðarson greindi í greininni „Hjalað við Medeu“ söguna um Medeu og gullreyfið út frá málfræðilegum atriðum og velti fyrir sér hvert gæti hafa verið móðurmál hennar.⁸⁸ Hann bar líka saman georgíska og forngríska menningu: „Georgíumenn eru sérstök menningarþjóð, jafnokar Grikkja í hvívetna og öngra eftirbátar.“⁸⁹ Sagan um Medeu er í nokkrum atriðum lík sögu Guðrúnar Gjúkadóttur sem er þekkt úr eddukvæðum, báðar hafa drepið börn sín í hefndarskyni, líkt og Davit Lasjkradze nefnir í formála að þýðingu eddukvæða.⁹⁰

Í umföllunum um Georgíu eru oft nefnd hetjuljóðin *Riddarinn í tígrisfeldinum* (*Vepkhist'qaosani*) sem hafa mikilvæga stöðu í georgísku þjóðlífi. Hetjuljóð þessi eru eftir Sjota Rústaveli og voru samin um aldamótin 1300. Það er lítið sem ekkert vitað um Rústaveli, höfund ljóðsins, þar sem *Riddarinn í tígrisfeldinum* er eina verk hans. Í ljóðabálknum fer riddarinn T'ariel út í heim til að finna konu sem hann elskar, indversku prinsessuna Nest'an-Daredsjan sem er haldið fanginni í kastala óvinanna. Með hjálp fóstbróður síns Avtandil tekst T'ariel að lokum að frelsa Nest'an-Daredsjan og kvænast henni og Avtandil að kvænast ástinni sinni, arabísku prinsessunni Tinatin.

Hetjuljóðin *Riddarinn í tígrisfeldinum* hafa aldrei verið þýdd yfir á íslensku en vöktu athygli Halldórs Laxness. Á rithöfundapingi í Tbilisi sem var helgað Sjota Rústaveli og hetjuljóðum hans hélt Halldór ræðu 27. desember 1937. Ekki er þess getið á hvaða tungumáli ræðan var upprunalega samin. Þessi ræða vakti í Georgíu áhuga á verkum Halldórs, Íslandi og íslenskum bókmenntum og var endurprentuð og endursögð í nokkrum blaðagreinum. Halldór talaði meðal annars um mikilvægi þjóðarbókmennta á móðurmálinu fyrir litlar þjóðir: „Ég

⁸⁷ Grúsía, *Fréttir frá Sovétríkjunum*, bls. 5

⁸⁸ Sbr. Friðrik Þórðarson: *Hjalað við Medeu*, bls. 6-21

⁸⁹ Friðrik Þórðarson: *Hjalað við Medeu*, bls. 21

⁹⁰ Lasjkradze, Davit: *Úprosi Eda*, bls. 39

tilheyri minnstu þjóð í heimi og þess vegna skil ég sérstaklega vel hvað það þýðir fyrir þjóð að hafa bókmenntir á sinni tungu.“⁹¹ Þessari fullyrðingu var auðvitað vel fagnað af Georgíumönnum sem eru sjálfir stoltir af móðurmáli sínu og bókmenntum og höfðu keppst við að varðveita tungu sína. Halldór lagði áherslu á þau fáu atriði sem bæði lönd eiga sameiginleg:

Menningaleg gullöld okkar lands fléttast saman við blómatíma georgískrar menningar. Rétt á þeim tíma þegar Sjota Rústaveli samdi sitt ódauðlega kvæði voru okkar íslensku skáld að semja sögur sínar og eddukvæði, sem í dag teljast undraverður skandinavískur menningararfur.⁹²

Árið 1979 var í Georgíu gefin út bók um skáldið Sjota Rústaveli í evrópskum löndum en í henni er einnig kafli um Ísland. Þessi kafli er í rauninni endursögn á ræðu Halldórs. Höfundur bókarinnar, Levan Menabde, lýsir aðdáun Halldórs á kvæði Rústavelis og ánægju hans yfir að geta tekið þátt á fundi sem var helgaður skáldinu.⁹³ Halldór ber mikilvægi hetjuljóðsins um *Riddarann í tígrisfeldinum* fyrir Georgíumenn saman við mikilvægi *Njálu* fyrir íslenska þjóð.⁹⁴ Mikilvægi ljóðsins fyrir Georgíumenn lýsir einnig Friðrik Þórðarsson: „Eins og aðrar þjóðir eiga sér gersemar og kjörgripi varðveitt í rammgjörðum köstulum, eins er þessi forni kvæðabálgur Georgíumönnum þjóðlegur helgidómur [...].“⁹⁵

Halldór skrifaði kafla um *Riddarann í tígrisfeldinum* í *Gerska ævintýrinu* og nefndi verkið líka í *Skáldatíma*. Hann lýsti hinu fræga georgíska hetjuljóð svo: „Hið grúsíska hámenningarverk, Rímurnar af riddaranum í tígrisfeldinum, eru [...] algert endurvakningarfyrirbrigði í vestrænum skilnínghi, í senn innblásnar og gagnsýrðar hellenskum áhrifum, grískum lærdómi í skáldskap og heimspeki.“⁹⁶ Halldór mat *Riddarann í tígrisfeldinum* mikils eins og má merkja af því að hann bar kvæðið saman við önnur fræg evrópsk kvæði. Hann segir til dæmis að *Chanson de Roland* sé „gróf“ og „frumstæð“ kviða í samanburði við kvæði Rústavelis og að *La Divina Commedia* sé „morandi af tímabundnum kreddum og staðbundnum smámunum og víða bókstaflega formyrkvuð af undirmati á manninum og lífinu. Það finnst ekkert af hinni innilokuðu stybbu sakristunnar hjá Rústveli [...].“⁹⁷

Í ræðu Halldórs kom ekki aðeins fram hrifning hans á georgíska hetjukvæðinu heldur líka á „mikla Georgíumanninum félagi Stalín“. Ræðan var endurprentuð í greininni „Úr orðum

⁹¹ Halldór Laxness: *Skandinavíis mts'eral Saldor [sic] Laksnesis sit'qvidan*, bls. 3

⁹² Sama heimild, bls. 3

⁹³ Menabde, Levan: *Rústaveli evrop'ís kveqanebsji*, bls. 10

⁹⁴ Halldór Laxness: *Gerska ævintýrið*, bls. 113

⁹⁵ Friðrik Þórðarsson: *Hjalað við Medeu*, bls. 21

⁹⁶ Halldór Laxness: *Gerska ævintýrið*, bls. 114

⁹⁷ Sama heimild, bls. 114

skandinavísks höfund Saldor [sic] Laxness“ og var birt í blaðinu *K'omunist'í* 31. desember 1937. Halldór lofar ítrekað í henni ávinning lenínísk-stalínískrar pólitíkur. Háðslegt er að á sama tíma og hann hélt þessa fagnaðarræðu voru margir georgískir menntamenn drepnir í stalínískum hreinsunum sem voru sérstaklega svæsnar í fæðingarlandi Stalíns, Georgíu.⁹⁸ Með þátttakendur rithöfundarþingsins var farið í skoðunarferð til fæðingastaðar Stalíns, Gori, sem Halldór minntist á í *Skáldatíma* þremum áratugnum síðar þegar hrifning hans á Sovétríkjunum hafði kólnað heilmikið:

Ég gleymi ekki þegar við fórum frá Tíflis á gamlársdag áleiðis til Gori þar sem Stalín var borinn skóarahjónum. Burðarstaðurinn var pílagramastöð meðan Stalín lifði. Yfir kofa skóarans sáluga hafði verið gerður skáli mikill hár undir loft. Þessi skáli var eitt mannvirkja nokurnveginn sýningarhæft í þessu fátæktarbæli.⁹⁹

Samt sem áður er í georgískri umfjöllun um Halldór frekar áhersla lögð á bækur eftir hann og áhuga hans á georgískri menningu en á pólitískar skoðanir hans.

Georgíumenn í augum Íslendinga

Halldóri fannst Georgíumenn mjög ólíkir Rússum: „Grúsinn er fljótgreindur og skapmikill, hraður í viðbrögðum, arnarnefjaður, svarteygur, sambryndur, virðulegur í reisu, vingjarnlegur á höfðinglega vísu.“¹⁰⁰ Í *Skáldatíma* segir hann: „Þetta er fjörlegt svipmikið og oft velvaxið fólk sem hefur fagurskyn þó lítil tók virtust á að sinna slíku.“¹⁰¹ Til að gefa Íslendingum betri hugmynd um hvernig Georgíumenn líta út segir Halldór að þeir minni á Laxamýraættina: „Þeir hafa einnig sama gaungulag og hinir ótrúlega léttfætu laxmýringar, það er einsog þeir komi ekki við jörðina.“¹⁰²

Georgíumönnum er í íslenskum heimildum hrósað fyrir gestrisni þeirra og stórkostlegar veislur. Í viðtali við Matthías Johannessen lýsir Steinn Steinar heimsókn til georgíska skáldsins Vadsja Psjavela (sem hann kallar Jasja Psjavelz): „Einhver beztu maður sem ég hef hitt er þjóðskáld þeirra Grúsíumanna; frábær gestgjafi, sómasamlegur drykkjumaður og góður ræðmaður.“¹⁰³

Hins vegar var Halldór lítið hrifinn af samfélaginu í georgíska sjálfstjórnahéraðinn Atsj'ara sem liggur við tyrknesku landamærin við Svarta hafið en hann lýsir því meðal annars í *Gerska ævintýrinu*. Þessi lýsing er einn af fáum stöðum í umfjöllun Halldórs um Georgíu þar sem

⁹⁸ Ítarlegri umfjöllun um þetta tímabil er að finna í kaflanum Die Terrorjahre 1935-1937 í bókinni *Geschichte Georgiens* eftir Heinz Fähnrich, bls. 470-473 og í *Edge of Empires* eftir Donald Rayfield, bls. 352-354

⁹⁹ Halldór Laxness: *Skáldatími*, bls. 295

¹⁰⁰ Halldór Laxness: *Gerska ævintýrið*, bls 110

¹⁰¹ Halldór Laxness: *Skáldatími*, bls. 267

¹⁰² Halldór Laxness: *Gerska ævintýrið*, bls. 110

¹⁰³ Matthías Johannessen: Ojá, þetta voru erfiðir tímar. [Viðtal við Steinn Steinarr], bls. 85

kemur fram gagnrýni: „Eftir nýárið er ég á ferð í þessari uppgjafaparadís tötralyðskunnar, hinum eystri Svartahafslýðveldum.“¹⁰⁴ Einnig segir hann: „Smekkleysi í híbýlaháttum er enn alstaðar ráðandi, og það er einmitt sú tegund af smekkleysi sem hvorki á skylt við háar né lágar tekjur, einsog td að hafa bilaðar hurðir, ónýta hurðahúna, brotnar rúður [...] – allt þetta lýsir öðru fremur spillingu sálarinnar.“¹⁰⁵ Og hann heldur svo áfram: „Maður sér fólk sem enn lætur sér lynda að gánga í rifnum druslum, jafnvel þótt það sé hraustlegt í útliti og vel nært.“¹⁰⁶ Halldór dvaldi í einn dag í Batúmi sem er höfuðborg Atsj'ara og ferðaðist á eftir til Súkhúmi, höfuðborgar Abkhasíu, sem var á þeim tíma sjálfstjórnarlyðveldi sem tilheyrði Georgíu. Þar fékk hann hinn fræga kassa af appelsínunum sem seinna gaf nafn á bók Jóns Ólafssonar, *Appelsínur frá Abkasíu*. Súkhúmi heimsótti líka sendinefnd íslenskra rithöfunda árið 1956 en Agnar Þórðarson lýsti þeirri heimsókn svo: „Dimmur hrikalegur fjallabálgur blasti við okkur á aðra hönd, en löng sandströnd á hina. [...] Hér var allt miklu snyrtilegra en við höfum annars staðar séð á ferð okkar, rauðar pelargóníur uxu í breiðum og hvít kalablóm, en tignarlegir döðlupálmur á víð og dreif.“¹⁰⁷ Fegurð georgísku landslags er annað atriði sem var veitt athygli í íslenskri umfjöllun um Georgíu.

Landslag

Georgíu er í íslenskum heimildum oft lýst sem fallegu landi með fjölbreytilegu landslagi. Í *fréttum frá Sovétríkjunum* er endursögð georgísk munnmælasaga sem er til í mörgum útfærslum og er afar vinsæl í Georgíu en hún er á þessa leið: Þegar guð var að skipta heiminum á milli þjóða lögðu Georgíumenn af stað til að biðja guð um land. En á leiðinni fengu þeir sér hressingu og vín og komu þar af leiðandi of seint til guðs. Þeir sögðu guði að þeir væru of seinir af því að þeir skáluðu fyrir honum. Þá ákvað guð að gefa þeim land sem hann hafði ætlað sjálfum sér.¹⁰⁸

Halldór Laxness lýsti höfuðborg Georgíu Tbilisi svo: „Borgin stendur í djúpu dalverpi umkríngd fjöllum, mikil sólskinskista. Hún er kölluð einhver elsta borg heimsins þeirra sem nú standa, en ekki veit ég sönnur á því.“¹⁰⁹ Í *Kallað í Kremmlarmúr* segir Agnar Þórðarsson: „Tbilisi ber með sér að hún er ævagömul menningarborg [...].“¹¹⁰ Í *Fréttum frá Sovétríkjunum* er útskýrð orðsifjafræði nafns borgarinnar: „Höfuðborg lýðveldisins ber enn þann dag í dag

¹⁰⁴ Halldór Laxness: *Gerska ævintýrið*, bls. 145

¹⁰⁵ Sama heimild, bls. 146

¹⁰⁶ Sama heimild, bls. 146

¹⁰⁷ Agnar Þórðarson. *Kallað í Kremmlarmúr*, bls. 98-99

¹⁰⁸ Ræktaðu garðinn þinn... *Fréttir frá Sovétríkjunum*, bls. 8

¹⁰⁹ Halldór Laxness: *Gerska ævintýrið*, bls. 109

¹¹⁰ Agnar Þórðarson: *Kallað í Kremmlarmúr*, bls. 108

sitt upprunalega nafn, Tíblisi [sic], sem þýðir ‘hlýi bærin’, enda eru á því landsvæði margir heitir hverir.¹¹¹ Í sama blaði er líka endursögð saga um uppruna borgarinnar en árið 1958 voru 1500 ár liðin frá stofnun Tíblisi:

Sagan segir, að Vaktang Gorgasali keisari hafi verið á veiðum, er hann hafi fundið heitar uppsprettur, er fugl, er hann hafði skotið, datt í vatnið og soðnaði. Ákvað þá keisarinn, að þar skyldi byggð borg og var henni valið nafnið ‘tbili’, en það þýðir heitur á grúsísku.¹¹²

Fegurð landsins lýsir Halldór Laxness líka og segir hana andstæða við fátækt þjóðarinnar á tíma keisaradæmisins „[...] en þjóðir sem áttu hér heima í fegursta landslagi heims, gróðursælasta og yndislegasta loftslagi jarðar, í sannkölluðum alsnægtalöndum, þær urðu að draga fram lífið við einhverja þá hróplegustu eynd sem þektist innan keisaradæmisins.“¹¹³ Á eftirfarandi hátt lýsir Grigol Matsj’avariani landinu sínu:

Í norðri mæna snædrifnir og geðríkir jöklar, í vestri liggja marflatar sólastrendur Svarthafs, þar sem spretta sítrónur og terunnar, í suðri taka heitar og lífsnauðar hálfeyðimerkur við af víðum ökrum, austurhlutinn státar af vínekrum, en í miðbiki landsins þýtur í skógum og kári syngur í dölum. Þessar myndir náttúrunnar skiptast á með svo skjótum hætti, að fólki finnst sem það ferðist samtímis um þrjú eða fjögur lönd.¹¹⁴

Satt er að georgískt landslag er mjög ólíkt íslensku og loftlagið í Georgíu er líka mjög ólíkt hinu íslenska svo það er ekkert merkilegt að þessum atriðum sé lýst svo ítarlega í íslenskum heimildum.

3.2 Þýðingar georgískra bókmennta yfir á íslensku

Það hefur ekki verið þýtt margt úr georgísku yfir á íslensku en allar þær þýðingar eru þýddar beint úr georgískunni. Fyrst þýðingin úr georgísku var „Væringjaspjall“ þýtt af Friðriki Þórðarsyni, sem gefið var út árið 1991. Árið 1996 var gefin út þýðing georgískrar helgisögu, *Píslarvætti hinnar heilögu Sjúsjaníkar drottningar* og árið 2001 birtist þýðing georgískra smásagna í tímaritinu *Jón á Bægisá*.

3.2.1 Þýðingar eftir Friðrik Þórðarson

Friðrik Þórðarson samdi margar greinar um kákasíska málfræði, m.a. um ossetísk mál, en hann þýddi líka nokkuð úr georgísku yfir á íslensku.

¹¹¹ Siradze, Viktoría: Nýr tími í sögu gamals lands, bls. 6

¹¹² Tíblisi [sic]: *Fréttir frá Sovétríkjunum*, bls. 10

¹¹³ Halldór Laxness: *Gerska ævintýrið*, bls. 117

¹¹⁴ Matsj’avariani, Grigol: [Eftirmáli], bls. 62

Hann þýddi kafla úr forna georgíska annálasafninu *Kartlis tskhovreba* sem fjallar um menn sem líklega voru norænir - Væringja - og tóku þátt í ófriði á milli Bagrats 4. konungs Kartli og Abkhasíu (þessi svæði tilheyrta núna Georgíu) og Liparits jarls Orbeliani um miðja 11. öld. Þýðingin er partur af grein sem heitir „Væringjaspjall“ og birtist í greinasafninu *Grikkland ár og síð* hjá Hinu íslenska bókmenntafélagi í Reykjavík árið 1991 (önnur útgáfa 2009).

Friðrik þýddi einnig smásöguna „Steinn Satans“ eftir Mikheil Dsjavakhisjvili og samdi stuttan eftirmála að þessarri þýðingu. Smásagan var birt árið 2001 í 6. árgangi af tímaritinu *Jón á Bægisá* eða í sama hefti og georgískar smásögur þýddar af Grigol og Irmu Matsj´avariani.

3.2.2 Þíslarvætti hinnar heilögu Sjúsjanikar drottningar

Bókin *Þíslarvætti hinnar heilögu Sjúsjanikar drottningar* (*Sjúsjanik´is ts´ameba*) er mikið helgirit Georgíumanna. Þýðandi þess yfir á íslensku var Grigol Matsj´avariani en bókin kom út í minningu hans árið 1996 hjá Fjölvaútgáfunni. Pjetur Hafstein Lárusson veitti Grigol aðstoð með þýðinguna. Bókin er skreytt myndum eftir georgísku myndlistarkonuna Dali Mughadze. Útgáfan inniheldur aðfaraorð eftir Pjetur Hafstein en í þeim lýsir hann samstarfi sínu og Grigols. Í eftirmála eftir Grigol kynnir hann fyrir Íslendingum georgíska landafræði, sögu og menningu og útskýrir mikilvægi kristinnar trúar og helgisögunnar um Sjúsjanik fyrir georgísku þjóðina. Pjetur Hafstein sagði að honum hafi komið á óvart að Grigol vildi ekki hefja samstarfið á þýðingu veraldlegs skáldskapar.¹¹⁵ Grigol vildi hins vegar að *Þíslarvætti hinnar heilögu Sjúsjanikar drottningar* yrði fyrsta bók sem hann þýddi yfir á íslensku. Hún er lykiltexi fyrir georgíska þjóð en kristin trú hefur haft mjög sterka stöðu í georgísku samfélagi og þjóðernisvitund allt fram til vorra tíma. Grigol áleit að sagan um hina heilögu Sjúsjanik drottningu væri „hluti georgískrar sálar og anda“.¹¹⁶

Þíslarvætti hinnar heilögu Sjúsjanikar drottningar er fyrsta varðveitta samfellda bókmenntaverk Georgíumanna en sagan er skrifuð á síðari hluta 5. aldar af skriftaföður Sjúsjanikar, Jakob Khútesi. Bókin fjallar um armenska aðalskonu sem lifði á 5. öld og var gift Varsken jarli af Kartli (í suðausturhluta Georgíu). Hún neitaði að afneita kristinni trú og taka upp persneska eldsdýrkun eins og maðurinn hennar gerði og dó eftir pyntingar og margra ára fangelsi án þess að hafa afneitað trúnni. Friðrik Þórðarson bendir á að *Þíslarvætti hinnar heilögu Sjúsjanikar drottningar* sé að öllum líkindum ekki fyrsta bókmenntaverkið sem skrifað hafi verið á georgísku: „Orðfæri Jakobs Tsúrtavelís [Khútsesi var viðurnefni hans]

¹¹⁵ Pjetur Hafsteinn Lárusson: Aðfaraorð, bls. 10

¹¹⁶ Matsj´avariani, Grigol: [Eftirmáli], bls. 76

bendir fremur til þess að hann hafi ekki fyrstur manna sett saman bækur á georgísku máli [...]“.¹¹⁷

Eiríkur Guðmundsson lofaði í ritdómi um þýðinguna séstaklega þýðingu Grigols Matsj'avarianis: „Þessi bók ber fyrst og síðast vitni um dugnað og elju Grigols sjálfs við að tileinka sér framandi menningu og tungumál.“ En hins vegar gagnrýnir hann að að saga dýrlingsins sé „dálítið aðþrengd á milli aðfaraorða Pjeturs og eftirmálans.“¹¹⁸

3.2.3 Smásögur birtar í tímaritinu *Jóni á Bægisá* og á vefsíðu Pjeturs Hafsteins

Lárussonnar

Grigol Matsj'avariani og kona hans Irma þýddu nokkrar smásögur eftir helstu rithöfunda 19. og 20. aldar á georgísku yfir á íslensku. Þessar smásögur voru þýddar með aðstoð Pjeturs Hafsteins Lárussonar og Franz Gíslasonar. Fjórar smásögur voru birtrar í tímariti þýðenda *Jóni á Bægisá* árið 2001. Irma Matsj'avariani samdi stuttan inngang að georgískri bókmenntasögu sem hún nefndi „Fáein orð um georgískar bókmenntir“ og Sigurður A. Magnússon samdi „Fróðleiksmolar um Georgíu“. Smásögurnar voru: „Í gálganum“ eftir Ilia Tsj'avtsj'avadztes í þýðingu Grigols Matsj'avariani og Pjeturs Hafsteins Lárussonar, „Óskatréd“ eftir Giorgi Leonidzes í þýðingu Grigols Matsj'avariani og Pjeturs Hafsteins Lárussonar, „Klapp“ eftir Revaz Misjveladztes í þýðingu Irmu Matsj'avariani og Franz Gíslasonar og „Þraut“ eftir sama höfund í þýðingu Irmu Matsj'avariani og Pjeturs Hafsteins Lárussonar. Aftast í tímaritinu er að finna upplýsingar um höfunda og þýðendur.

Nokkrar smásögur voru líka birtar á *Ljóðheimar og sagna*, vefsíðu Pjeturs Hafsteins Lárussonar¹¹⁹ (að hluta til sömu smásögur og voru birtar í *Jóni á Bægisá*) undir fyrirsögninni: Smásögur frá Georgíu: Ilja Tsjavtsjavadztes „Í gálganum“, Giorgi Leonidzes „Óskatréd“, Tsj'ola Lomtadidzes „Grammófónninn“, Ak'ak'í Ts'eretelis „Tveir draumar“ og Vazja Psjavelas „Dæmd reykjarpípa“ – þýtt af Grigol Matsjavariani og yfirfarið af Pjetri Hafsteini Lárussyni. „Dæmd reykjarpípa“ var líka birt í *Lesbók Morgunblaðsins* 4. desember 1999.

¹¹⁷ Friðrik Þórðarson: Hjalað við Medeu, bls. 17

¹¹⁸ Eiríkur Guðmundsson: Bók í minningu Íslandsvinar, bls. 25

¹¹⁹ Ljóðheimar og sagna vefsíða Pjeturs Hafsteins Lárussonar - Smásögur frá Georgíu.

4. Lokaorð

Bókmenntatengsl á milli Íslands og Georgíu eru tillitlulega mörg miðað við fjarlægð milli þessara tveggja landa og þá staðreynd að það hefur aldrei verið kennd íslenska í Georgíu eða georgíska á Íslandi og það hefur sjaldnast verið beint samband milli landanna. Ímynd Íslands í fyrrum Sovéttlýðveldinu Georgíu er afar jákvæð og einkennist ekki að neikvæðum klisjum um Vesturlönd sem voru annars stöðugur hlutur umfjöllunar um Vesturlöndin á Sovéttímanum.

Lítið samband á milli Íslands og Georgíu og einagrun Sovétríkjanna olli því að það skorti upplýsingar frá fyrstu hendi um Ísland, þ.e. upplýsingar frá Georgíumönnum sem höfðu komið til Íslands. Ímynd Íslands varð því til úr upplýsingum úr erlendum heimildum, upplýsingum úr íslenskum bókmenntum sem voru þýddar yfir á georgísku eða örfáum öðrum heimildum eins og ræðu Halldórs Laxness á rithöfundapingi árið 1937 eða formála hans að þýðingu *Íslandsklukkunnar*. Þessar upplýsingar voru oft endurteknaðar, endursagðar og stundum ýktar. Úrkoman er tiltöllumlega óraunveruleg og mjög rómantísk ímynd Íslands sem bókmenntalands. Þessi ímynd er að miklu leyti byggð upp á verkum Halldórs Laxness og Íslendingasögunum, sem eru í brennidepli næstum því allra skrifa sem fjalla um Ísland. Ímynd íslenskrar náttúru og veðráttu er nokkuð ýkt, aðallega vegna skorts á milliliðalausum upplýsingum um landið. Þessi ímynd breytist ekki mikið eftir hrun Sovétríkjanna og það eru ekki margar heimildir um ímynd Íslands eftir að Georgía varð sjálfstætt land.

Íslensk bókmenntaverk sem voru þýdd yfir á georgísku eru fjölbreytt. Þýddar voru fornbókmenntir: *Njáls saga*, *Eddukvæði* og úrval styttri Íslendingasagna ásamt *Íslendingabók Ara fróða* (í bókinni *Sex íslenskar sögur*), smásögur eftir Halldór Laxness, Ólaf Jóhann Sigurjónsson, Halldór Stefánsson og Jónas Hallgrímsson, skáldsögurnar *Íslandsklukkan*, *Sjálfstætt fólk* og *Atómstöðin* eftir Halldór Laxness og *Jón biskup Arason* eftir Þórhall Guttormsson.

Georgísk-íslensk bókmenntatengsl voru ekki svona mikil. Ímynd Georgíu á Íslandi er að miklu leyti byggð upp á köflum úr *Gerska ævintýrinu* og *Skáldatíma* þar sem Halldór Laxness fjallar um Georgíu. Ímynd Georgíu á Íslandi er líka tengd persónu Grigols Matsj'avariani sem vakti hrifingu hjá Íslendingum með íslenskukunnáttu sinni og brennandi áhuga sínum á Íslandi. Í íslenskum heimildum um Georgíu er lögð mikil áhersla á langa georgíska menningasögu og fjölbreytta náttúru landsins.

Þýðingar úr georgísku yfir á íslensku eru ekki svo margar enda eru ekki margir þýðendur sem kunna bæði tungumálin. Allar þýðingar sem eru til á íslensku voru þýddar beint úr georgísku. Úr nútímalegum georgískum bókmenntum voru þýddar aðeins nokkrar smásögur.

Hins vegar var þýtt miðaldahelgiritið *Píslarvætti hinnar heilögu Sjúsaníkar drottningar* sem hefur mikilvæga stöðu í georgískri bókmenntasögu og svo kafla úr miðaldaannálasafni *Kartlis tskhovreba* sem fjallar um Væringja í Georgíu.

Athyglisvert er að jafnvel í þessum litlu menningarsamskiptum á milli Georgíu og Íslands má greina að Georgíumenn hafa fundið ákveðna samsvörun með eigin sögu og bókmenntahefð og bókmenntum Íslendinga. Georgía var í margar aldir partur af stærri ríkjum og Georgíumenn áttu í vök að verjast gagnvart erlendum, á síðari öldum sérstaklega rússneskum, áhrifum. Hrifning þeirra á Íslandi og íslenskum bókmenntum endurspeglar jafnvel vissuna fyrir því að lítil þjóð geti staðið á eigin fótum og varið tungu sína og menningu.

Viðauki

Hljóðritun georgískt leturs sem var notað í þessari ritgerð:

georgískur stafur	íslensk hljóðritun	IPA
ა	a	/a/
ბ	b	/b/
გ	g	/g/
დ	d	/d/
ე	e	/ɛ/
ვ	v	/v/
ზ	z	/z/
თ	t	/t ^h /
ი	i	/i/
კ	k´	/k ^ʰ /
ლ	l	/l/
მ	m	/m/
ნ	n	/n/
ო	o	/ɔ/
პ	p´	/p ^ʰ /
ჯ	zj	/ʒ/
რ	r	/r/
ს	s	/s/
ტ	t´	/t ^ʰ /
უ	ú	/u/
ფ	p	/p ^h /
ქ	k	/k ^h /
ყ	gh	/ɣ/
ღ	q	/q ^ʰ /
შ	sj	/ʃ/
ჩ	tsj	/tʃ/
ც	ts	/ts/
ძ	dz	/dz/
წ	ts´	/ts ^ʰ /
ჭ	tsj´	/tʃ ^ʰ /
ხ	kh	/x/
ჯ	dsj	/dʒ/
ჰ	h	/h/

Heimildaskrá

- Agnar Þórðarson. 1978. *Kallað í Kremlarmúr*. Almenna bókafélagið, [Reykjavík].
- Ágústína Jónsdóttir. 1993. Straumhvörf í lífi mínu [Viðtal við Grigol Matsj'avariani]. *Lesbók Morgunblaðsins*. 22. maí, bls. 4.
- Ari Þorgilsson. 1997. Islandielta ts'igni [Íslendingabók]. *Ekvsi islandiuri saga [Sex íslenskar sögur]*, bls. 14-31. Grigol Matsj'avariani þýddi. Aghmasjenebeli, Tbilisi.
- Árni Bergmann. 1998. Norðan við kalt stríð. *Skírnir* 172 (vor): 24-58.
- Árni Bergmann. 2013. Við staðleysu tak þú minni: Halldór Laxness, Rússland og draumar um fagurt mannlíf. *Tímarit Máls og menningar* 74:2: 70-79.
- Árni Bergmann. 2002. Utan við markaðslögmálin. *Ritmennt* 7:1: 70-85.
- Avaliani, Lado. 1969. Laksnesis romani kartulad. *K'oministi*, 13. maí, [án blaðsíðutals].
- Berdzenisjvili, Elgudsja. 2004. Islandiuri saga kartulad, bls. 191-202. *Maspindzeli*. Ritstj. Emzar K'vit'aisjvili. [Forlagið ekki getað], Tbilisi [Birtist í fyrsta sinn árið 1980, 11. janúar í blaðinu *Lit'erat'uruli Sakartvelo*].
- Borgarpiordeli Sigurdis saga [Sigurðar þátrr borgfirska]. 1997. *Ekvsi islandiuri saga [Sex íslenskar sögur]*, bls. 42-44. Grigol Matsj'avariani þýddi. Aghmasjenebeli, Tbilisi.
- Broszinsky-Schwabe, Edith. 2011. *Interkulturelle Kommunikation. Missverständnisse – Verständigung*. VS Verlag, Wiesbaden.
- Dsjabasjvili, Giorgi. 1977. Ts'inasi't'qvaoba [Formáli]. *Nialis saga [Njáls saga]*, bls. 5-26. Giorgi Dsjabasjvili þýddi. Tbilisi, Nakadúli.
- Dsjavakhisjvili, Mikheil. 2001. Steinn Satans. Friðrik Þórðarson þýddi. *Jón á Bægisá* 6 (desember): 15-26.
- Eiríkur Guðmundsson. 1996. Bók í minningu Íslandsvinar. *Morgunblaðið*, 8. október, bls. 25.
- Ekvsi islandiuri saga [Sex íslenskar sögur]*. 1997. Grigol Matsj'avariani þýddi. Aghmasjenebeli, Tbilisi.
- Enagvela Gunlaugris saga [Gunnlaugs saga ormstunga]. 1997. *Ekvsi islandiuri saga [Sex íslenskar sögur]*, bls. 45-88. Grigol Matsj'avariani þýddi. Aghmasjenebeli, Tbilisi.
- Ethnozentrismus. Möglichkeiten und Grenzen des interkulturellen Dialogs*. 1997. Ritstj. Manfred Broucker og Heino Heinrich Nau. Primus Verlag, Darmstadt.
- Fährnich, Heinz. 2010. *Geschichte Georgiens*. Handbook of Oriental Studies, Section eight: Central Asia. Ritstj. Denis Sinor og Nicola Di Cosmo. Band 21. Brill, Leiden.

- Forsætisráðherra býður Grigol Matsjavariani heim. Íslandsklukkan kveikti áhugann á íslenskunni. 1992. *Morgunblaðið*, 30. október, bls. 4.
- [Formáli]. 1965. *At'omis sadguri [Atómstöðin]*, bls. 3-4. Dsjemal Kartsjkhadze og Davit Tsj'erediani þýddu. Nakadúli, Tbilisi.
- [Formáli]. 1968. *Damouk'idebeli adamianebi [Sjálfstætt fólk]*, bls. 2. Nino Samuk'asjvili þýddi. Sabtsj'ota Sakartvelo, Tbilisi.
- Friðrik Þórðarson. 2001. Væringjaspjall. *Grikkland ár og síð*, bls. 313-321. Ritstj. Sigurður A. Magnússon, Kristján Árnason, Þorsteinn Þorsteinsson og Guðmundur J. Guðmundsson. 2. útgáfa. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Friðrik Þórðarson. 1971. Hjalað við Medeu. *Tímarit Máls og menningar* 32:1: 6-22.
- Gabunia, Dato. [án árs]. Avt'obiograpia islandiurad. Sótt 20. janúar 204 af <http://lib.ge/book.php?author=533&book=5194>
- Gelovani, Ak'ak'í. 1969. „Damouk'idebeli adamianebi“ kartul enaze. *Lit'erat'uruli Sakartvelo*, 11. apríl, [án blaðsíðutals].
- Gelovani, Ak'ak'í. 1986. Islandiis tbili guli. *Soplis tskhovreba*, 12. október. [án blaðsíðutals].
- Gelovani, Ak'ak'í. 1966. Tsjrdiloetis odisea. *Islandiis zari [Íslandsklukkan]*, bls. 498-510. Ak'ak'í Gelovani þýddi. Lit'erat'ura da khelovneba, Tbilisi.
- Grenlandielta saga [Grænendinga saga]. 1997. *Ekvsi islandiuri saga [Sex íslenskar sögur]*, bls. 89-111. Grigol Matsj'avariani þýddi. Aghmasjenebeli, Tbilisi.
- Grikkland ár og síð*. 1991. Ritstj. Sigurður A. Magnússon, Kristján Árnason, Þorsteinn Þorsteinsson og Guðmundur J. Guðmundsson. 2. útgáfa. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Grúsía. 1981. *Fréttir frá Sovétríkjunum* 12-13 (ágúst): 5.
- Halldór Laxness. 1965. *At'omis sadguri [Atómstöðin]*. Dsjemal Kartsjkhadze og Davit Tsj'erediani þýddu. Nakadúli, Tbilisi.
- Halldór Laxness. 1954. *Atomnaja stantsija [Atómstöðin]*. Nína Krymova þýddi. Ínostrannaja líteratúra, Moskva.
- Halldór Laxness. 1968. *Damouk'idebeli adamianebi. Gmiluri saga. [Sjálfstætt fólk]*. Nino Samuk'asjvili þýddi. Sabtsj'ota Sakartvelo, Tbilisi
- Halldór Laxness. 1983. *Gerska ævintýrið*. Helgafell, Reykjavík.
- Halldór Laxness. 1966. *Islandiis zari. Ist'oriuli romani. [Íslandsklukkan]*. Ak'ak'í Gelovani þýddi. Lit'erat'ura da khelovneba, Tbilisi.

- Halldór Laxness. 1966. „Islandiis zari“ kartuli gamotsemis ts’inasit’qvaoba [Formáli fyrir georgíska útgáfu]. Elgudsja Maghradze þýddi, *Islandiis zari. Ist’oriuli romani* [Íslandsklukkan], bls. 5-8. Lit’erat’ura da khelovneba, Tbilisi.
- Halldór Laxness. 1961. Lilia [Lilja]. *Sk’andinaviuri motkhrobbi*. [Skandinavískar smásögur], bls. 29-39. Tinatin K’op’lat’adze þýddi. Sabtsj’ota mts’erali, Tbilisi.
- Halldór Laxness. 1961. *Nap’oleon Bonap’art’e* [Napóleon Bónaparti]. *Sk’andinaviuri motkhrobbi*. [Skandinavískar smásögur], bls. 9-28. Tinatin K’op’lat’adze þýddi. Sabtsj’ota mts’erali, Tbilisi.
- Halldór Laxness. 1968. *Nap’oleon Bonap’art’e* [Napóleon Bónaparti]. Erti motkhrobbis bibliotek’a. Tinatin K’op’lat’adze þýddi. Nakadúli, Tbilisi.
- Halldór Laxness. 1963. *Skáldatími*. Helgafell, Reykjavík.
- Halldór Laxness. 1937. Sk’andinaviis mts’eral Saldor [sic] Laksnesis sit’qvidan. *K’omunist’i*, 31. desember.
- Haraldur Sigurðsson, Sigríður Helgadóttir og Jökull Sævarsson. [án árs]. Skrá um rit Halldórs Laxness á íslensku og erlendum málum. Sótt 3. janúar 2014 af http://www.islit.is/media/pdf/HKL_ritaskra.pdf
- Helgi Halvardsonis saga [Helga saga Hallvarðssonar]. 1997. *Ekvsi islandiuri saga* [Sex íslenskar sögur], bls. 35-41. Grigol Matsj’avariani þýddi. Aghmasjenebeli, Tbilisi.
- Ívar H. Jónsson. [án árs] Stutt ágrip af sögu MÍR. Sótt 10. janúar 2014 af <http://www.mmedia.is/felmir/AgripAfSoguMIR.htm>
- Jón Arason og sjálfstæðisbarátta Georgíumanna. 1997. *Morgunblaðið*, 20. ágúst, bls. 20.
- Ketili misiit [Viðtal við Otar Kinkladze]. 1981. *K’omunist’i*, 27. september. [án blaðsíðutals].
- Khútesi, Jakob. 1996. *Píslarvætti hinnar heilögu Sjúsanikar drottningar*. Grigol Matsj’avariani þýddi. Fjölvaútgáfan, Reykjavík.
- K’ík’nadze, L. 1967. Tsjrdiloetis odiesa. *K’omunisti*, 13. janúar, [án blaðsíðutals].
- K’op’lat’adze, Tinatin. 1961. Ts’inasit’khvaobis magier [Í staðinn fyrir formála]. *Sk’andinaviuri motkhrobbi* [Skandinavískar smásögur], bls. 3-8. Tinatin K’op’lat’adze þýddi. Sabtsj’ota mts’erali, Tbilisi.
- Lasjkradze, Davit. 1971. Úprosi Eda [Formáli]. *Úprosi Eda*, bls. 5-46. Giorgi K’alandadze þýddi. Sabtsj’ota Sakartvelo, Tbilisi.
- Leerssen, Joep. 2007. Image. Imagology. *The Cultural Construction and Literary Representation of National Characters. A critical survey*, bls. 342-344. Studia Imagologica. Amsterdam Studies on Cultural Identity 13. Ritstj. Manfred Beller og Joep Leerssen. Rodopi, Amsterdam-New York.

- Lefevere, André. 2013. *Þýðingar, endurritun og hagræðing bókmenntaarfsins*. María Vigdís Kristjánsdóttir þýddi. Þýðingasetur Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Leerssen, Joep. 2011. Exótík. *Ímyndir og ímyndafræði*, bls. 160-161. Árni Óskarsson þýddi. Ritstj. Clarence E. Glad. Reykjavíkur akademían, [Reykjavík].
- Leonidze, Giorgi. 2001. Óskatréð. Grigol Matsj'avariani þýddi. *Jón á Bægisá* 6 (desember): 38-40.
- Ljóðheimar og sagna vefsíða Pjeturs Hafsteins Lárussonar*. [án árs]. Smásögur frá Georgíu. Sótt 20. febrúar 2014 af <http://www.internet.is/pjetur/geor.html>
- Lomtadze, Tsj'ola. [án árs]. Grammófónninn. Grigol Matsj'avariani þýddi. *Ljóðheimar og sagna vefsíða Pjeturs Hafsteins Lárussonar*. Sótt 3. febrúar af: www.internet.is/pjetur/geor.html
- Matthías Johanessen. 1985. Ojá, þetta voru erfiðir tímar. [Viðtal við Steinn Steinarr]. *Samtöl V*, bls. 84-98. Eiríkur Hreinn Finnbogason annaðist útgáfuna. Almenna bókafélagið, [Reykjavík].
- Matsj'avariani, Grigol. 1997. Mtargmnelisagan. [Frá þýðanda]. *Ekvsi islandiuri saga [Sex íslenskar sögur]*, bls. 5-13. Grigol Matsj'avariani þýddi. Aghmasjenebeli, Tbilisi.
- Matsj'avariani, Grigol. 1996. [Eftirmáli]. *Píslarvætti hinnar heilögu Sjúsanikar drottningar*, bls. 61-77. Grigol Matsj'avariani þýddi. Fjölvaútgáfan, Reykjavík.
- Matsj'avariani, Irma. 2001. Fáein orð um georgískar bókmenntir. *Jón á Bægisá* 6 (desember): 8-10.
- Menabde, Levan. 1979. *Rústaveli evrop'ís kveqanebsji*. Sakartvelos SSR metsnierebata ak'ademiis matsne, Tbilisi.
- Mersch, Dietrich. 1997. Vom Anderen reden. Das Paradox der Alterität. *Ethno-Zentrismus. Möglichkeiten und Grenzen des interkulturellen Dialogs*, bls. 27-45. Primus Verlag, Darmstadt.
- Misjveladze, Revaz. 2001. Klapp. Irma Matsj'avariani þýddi. *Jón á Bægisá* 6 (desember): 41-43.
- Misjveladze, Revaz. 2001. Praut. Irma Matsj'avariani þýddi. *Jón á Bægisá* 6 (desember): 44-46.
- Nialis saga*. [Njáls saga] 1977. Giorgi Dsjabasjvili þýddi. Tbilisi, Nakadúli.
- Ólafur Jóhann Sigurðsson. 1961. Saidumlo sakme [Dulið erindi]. *Sk'andinaviuri motkhrobebi*. [Skandinavískar smásögur], bls. 40-52. Tinatin K'op'lat'adze þýddi. Sabtsj'ota mts'erali, Tbilisi.
- Ólafur Jóhann Sigurðsson. 1961. Boklomi [Hengilásinn]. *Sk'andinaviuri motkhrobebi*. [Skandinavískar smásögur], bls. 40-52. Tinatin K'op'lat'adze þýddi. Sabtsj'ota mts'erali, Tbilisi.

- Pjetur Hafsteinn Lárusson. 1996. Aðfaraorð. *Píslarvætti hinnar heilögu Sjúsanikar drottningar*, 7-11. Grigol Matsj'avariani þýddi. Fjölvaútgáfan, Reykjavík.
- Psjavela, Vazja. 1999. Dæmd reykjarpípa. *Lesbók Morgunblaðsins*. 4. desember, bls. 14.
- Rayfield, Donald. 2012. *Edge of Empires. A History of Georgia*. Reaktion Books, London.
- [Ritstjórn rithöfundasambands Georgíu – þýðingardeild]. 1972. „Uprosi Edas“ gankhilva. *Lit'erat'uruli Sakartvelo*, 28. janúar.
- Ræktaðu garðinn þinn... 1981. *Fréttir frá Sovétríkjunum 12-13* (ágúst): 8.
- Sagebsji gansts'avluli islandielis saga [Íslendinga þáttur sögufróða]. 1997. *Ekvsi islandiuri saga* [*Sex íslenskar sögur*], bls. 32-34. Grigol Matsj'avariani þýddi. Aghmasjenebeli, Tbilisi.
- Sigurður A. Magnússon. 2001. Fróðleiksmolar um Georgíu. *Jón á Bægisá* 6 (desember): 11-14.
- Siradze, Viktoría. 1981. Nýr tími í sögu gamals lands. *Fréttir frá Sovétríkjunum 12-13* (ágúst): 6.
- Sk'andinaviuri motkhroebi*. [Skandinávískar smásögur]. 1961. Tinatin K'op'lat'adze þýddi. Sabtsj'ota mts'erali, Tbilisi.
- Sofnonov, Anatolij. 1954. Ljubimyj pisatel islandskogo naroda. *Atomnaja stantsija* [*Atómstöðin*], bls. 3-9. Nína Krymova þýddi. Ínostrannaja líteratúra, Moskva.
- Sumarliði R. Ísleifsson: Villimenn Norðursins verða Hellenar Norðursins. *Ímyndir og ímyndafræði*, bls. 110-122. Ritstj. Clarence E. Glad. Reykjavíkur akademían, [Reykjavík].
- Tiblisi [sic]. 1981. *Fréttir frá Sovétríkjunum 12-13* (ágúst): 10.
- Tsj'avtsj'avadze, Ilia. 2001. Í gálganum. Grigols Matsj'avariani þýddi. *Jón á Bægisá* 6 (desember): 27-37.
- Ts'ereteli, Ak'ak'í. [án árs]. Tveir draumar. Grigol Matsj'avariani þýddi. *Ljóðheimar og sagna vefsíða Pjeturs Hafsteins Lárussonar*. Sótt 3. febrúar af:
www.internet.is/pjetur/geor.html
- Úprosi Eda [Gróagaldr]. 1969. *Sakartvelos kali* 1: 13-14.
- Úprosi Eda. [Helgakviða hundingsbana II]. 1967. *Mnatobi* 4: 118-124.
- Úprosi Eda [Eddukvæði]. 1971. Giorgi K'alandadze þýddi. Sabtsj'ota Sakartvelo, Tbilisi.
- Wikipedia*. 2014. Nak'aduli (gamomtsemloba). Sótt 3. febrúar af:
http://ka.wikipedia.org/wiki/%E1%83%9C%E1%83%90%E1%83%99%E1%83%90%E1%83%93%E1%83%A3%E1%83%9A%E1%83%98_%28%E1%83%92%E1%83%90%E1%83%9B%E1%83%9D%E1%83%9B%E1%83%AA%E1%83%94%E1%83%9B%E1%83%9A%E1%83%9D%E1%83%91%E1%83%90%29
- Wikipedia*. 2014. Sabtsj'ota Sakartvelo. Sótt 18. febrúar af:
<http://ka.wikipedia.org/wiki/%E1%83%A1%E1%83%90%E1%83%91%E1%83%AD%E1%83%9D%E1%83%90>

83%97%E1%83%90_%E1%83%A1%E1%83%90%E1%83%A5%E1%83%90%E1%83%A0%E1%83%97%E1%83%95%E1%83%94%E1%83%9A%E1%83%9D

Þórir Guðmundsson. 1989. Hvers vegna Georgía er Georgía á stöð tvö. [Viðtal við Grigol Matsj'avariani] *Morgunblaðið*. 14. apríl, bls. 13.

Þórhallur Guttormsson. 1997. *Uk'anask'neli k'atolike ep'isk'op'osi* [Jón biskup Arason]. Grigol Matsj'avariani þýddi. Aghmasjenebeli, Tbilisi.